




Landskerfi bókasafna hf.
nóvember 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	bls. 5
Skýrsla sérfræðihóps um lán	bls. 7
Skýrsla sérfræðihóps um lánþega	bls. 27
Skýrsla sérfræðihóps um lýsigögn	bls. 50
Skýrsla sérfræðihóps um umsýslu efnis	bls. 85

Inngangur

Vegna þarfagreiningar fyrir val á nýju bókasafnskerfi voru í lok sumars 2017 stofnaðir fjórir sérfræðihópar til að greina sértækar þarfir bókasafnanna, útbúa notendadæmi og vinna stutta samantekt sem yrði hluti af kröfúlýsingu fyrir útboð. Hóparnir voru samsettir af 34 sérfræðingum frá mismunandi tegundum bókasafna auk starfsmanna Landskerfis bókasafna. Alls voru haldnir 28 fundir á átta vikna tímabili auk sameiginlegs ræsfundar í upphafi vinnunnar. Hóparnir voru eftirfarandi:

- **Lán** – Hlutverk sérfræðihóps um lán var að greina mismunandi þarfir varðandi útlán og útlánaaðgerðir hvað varðar hefðbundin útlán, millisafnalán, rafræn útlán, sjálfsafgreiðsluvélar, samskipti við lánþega, o.s.frv.
- **Lánþegar** – Hlutverk sérfræðihóps um lánþega var m.a. að móta sýn á lánþegaskrána, skoða þjónustur við lánþega á vef (leitir.is og aðrir vefir) og samþættingu við önnur kerfi.
- **Lýsigögn** – Hlutverk sérfræðihóps um lýsigögn var að rýna í þarfir og horfa til framtíðar varðandi sjálfvirkni í meðhöndlun lýsigagna, nafnmyndastjórnunar, notkunar staðla og fleira sem lítur að umsýslu bókfræðiupplýsinga.
- **Umsýsla efnis** – Hlutverk sérfræðihóps um umsýslu efnis var að rýna í þarfir safnanna varðandi umsýslu á bæði rafrænu- og hefðbundnu efni

Hver sérfræðihópur skilaði lokaskýrslu. Í þessu skjali eru þær allar fjórar teknar saman í eitt skjal. Niðurstöður eru megindráttum skýrar og kristallast í samþættingu, samnýtingu, sjálfstæði, samstarfi, samskiptum og skilvirkni. Stefnan er að sem flestir verkferlar séu samnýttir, innan jafnt sem utan kerfis, en að jafnframt að söfnin geti verið sjálfstæð þegar það á við. Mjög sterk krafa kom fram um að núverandi uppsetning kerfisins, sem að byggir á stjórnunareiningum og sameiginlegri lánþegaskrá verði brotin upp og að hvert safn hafi stjórn á sinni lánþegaskrá.

Skýrslurnar eru allar eins uppbyggðar. Fyrst er inngangur, síðan kemur markmiðslýsing sem er upprunin í verkefnablaði hópanna, næst er listi með þátttakendum í sérfræðihópunum og lýsing á fundum og vinnu hópanna. Meginniðurstaðan er tekin saman í nokkur lykilatriði og í kjölfarið er meginmál þar sem hverri þörf / notendadæmi er gefin einkunn frá 1 -3 og að lokum er smá samantekt frá hópunum.

Þjónusta við lánþega á vef þarfnast endurskoðunar. Samþætta þarf leitir.is og upplýsingar frá kerfinu, eins og tilkynningar og rukk, við nemendakerfi skólanna, íbúagáttir sveitarfélaga eða sambærilegar þjónustur. Útvíkka þarf möguleika bókasafna/kerfisins á að hafa samskipti við sína lánþega eins og t.d. að fá tilkynningar og rukk beint í símann. Lánþegar eiga að geta fengið flestar þjónustur rafrænt eins og að endurnýja lánþegaskírteini, breyta lykilorði og þess háttar. Sjálfsafgreiðsla er stöðugt ríkari þáttur í starfsemi bókasafnanna og nýtt kerfi þarf að styðja það.

Aukin áhersla er á sam- og endurnýtingu lýsigagna milli kerfa, bæði varðandi bók- og nafnmyndagögn. Miklar breytingar eru í deiglunni varðandi framleiðslu og viðhald

lýsigagna. Ekki er séð fyrir endann á þeim breytingum. Nauðsynlegt er að nýtt kerfi styðji sem fjölbreyttust gagnasnið og alþjóðlega gagnagrunna sem stuðla að því að opna gögn og samnýta þau.

Umhverfið er mjög breytt á sviði innkaupa og miðlunar efnis. Ólíkir verkferlar eru notaðir fyrir hefðbundið- og rafrænt efni. Núna fer umsýsla rafræns efnis fyrst og fremst fram fyrir utan bókasafnskerfið eins og í gegnum SFX, Primo Central Index og Rafbókasafnið. Til að auka skilvirkni þarf að samþætta bókasafnskerfið við fjárhagskerfi stofnanna og birgja. Draumurinn er að umsýsla fyrir allt efni verði innan nýs bókasafnskerfis.

Nýtt bókasafnskerfi þarf að geta verið í takt við kröfur nútímans. Bókasöfnin þurfa að tengjast æ fleiri kerfum til að fullnægja þörfum lánþeganna. Væntingar með kerfinu er að það geti tengst og samþætt ólíkar þjónustur og verið þannig þjónustugátt fyrir bókasöfnin í landinu.

Lokaskýrsla: Sérfræðihópur um lán

Nóvember 2017

Inngangur

Sérfræðihópi um lán var ætlað að skilgreina þarfir bókasafnanna varðandi útlán og tengdar aðgerðir. Hefðbundin útlán og millisafnalán í bókasafnskerfinu sem og rafræn útlán, samskipti við lánþega og fleira var skoðað.

Markmið

Sérfræðihópi um lán er ætlað að skilgreina þarfir bókasafnanna varðandi útlán og tengdar aðgerðir. Það þarf að skoða hefðbundin útlán og millisafnalán í bókasafnskerfinu sem og rafræn útlán, samskipti við lánþega og fleira.

Hlutverk hópsins er í meginráttum eftirfarandi:

1. Skoða og skilgreina ólíkar tegundir lána svo sem hefðbundin lán, rafræn lán, millisafnalán, frátektir, endurnýjanir o.s.frv.
2. Skilgreina þarfir vegna tilkynninga/bréfa, greiðslna og sekta
3. Sjálfsafgreiðsla útlána
 - Sjálfsafgreiðsla á skólabókasöfnum
4. Tilkynningar og bréf
5. Hvernig er best að haga samskiptum við lánþega?
6. Tölfræði – notkun efnis

Vægi útlána í hefðbundnum bókasafnsrekstri hefur dregist saman á meðan að miðlun efnis á rafrænu formi verður sífelld algengari. Draumastaðan er að nýtt bókasafnskerfi geti haldið utan um allar tegundir útlána, þar á meðal rafræn útlán. Hefðbundinn mælikvarði á stærð og virkni bókasafns hefur aðallega verið tölfræði útlána. Nú þegar miðlun efnis hefur breyst þurfa söfnin aðra mælikvarða til að sýna fram á notkun, hvernig getur nýtt bókasafnskerfi stutt við það?

Samskipti við lánþega er annar veikur hlekkur, eigum við að nota tölvupóst, SMS eða hringja. Hvaða samskiptamiðil nota lánþegarnir og hvernig sjáum við nýtt kerfi styðja við það. Utanumhald um tilkynningar og bréf og breytingar á þeim hafa í núverandi kerfi verið miðlæggar. Bókasöfnin hafa þurft að hafa samband við Landskerfi bókasafna vegna smávægilegustu textabreytinga. Það þarf að skilgreina hvað er eðlilegt að söfnin geti gert sjálf og hvað sé eðlilegt að sé unnið miðlægt.

Sjálfsafgreiðsluvélar eru í notkun í stærstu söfnunum en hvað um lítil og illa mönnuð söfn? Sjálfsafgreiðsla hefur verið notuð í mörgum grunnskólasöfnum. Kerfisleg högun þessarar sjálfsafgreiðslu er veik, gott væri að skilgreina hvað við viljum. Einnig hefur verið töluvert kvartað yfir kerfislegum skilaboðum sjálfsafgreiðsluvélanna, hvað er til ráða?

Fulltrúar

Ásdís Huld Helgadóttir	Landskerfi bókasafna
Brynhildur Jónsdóttir	Bókasafn Kópavogs
Esther Erla Jónsdóttir	Bókasafn Árborgar
Hafdís Ingimundardóttir	Bókasafn Garðabæjar
Helgi Sigurbjörnsson	Menntavísindasvið HÍ
Helgi Steindal	Bókasafn Akraness
Hólmfríður Gunnlaugsdóttir	Borgarbókasafn
Linda Rós Arnardóttir	Bókasafn Hafnarfjarðar
Sigurgeir Finnsson	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Unnur Valgeirsdóttir	Háskólinn í Reykjavík
Þorbjörg Karlsdóttir	Borgarbókasafn
Þóra Jónsdóttir	Öldutúnsskóli

Þóra Jónsdóttir var valin formaður. Ásdís Huld Helgadóttir var starfsmaður hópsins.

Fundir

Alls voru haldnir 7 fundir í sérfræðihópnum. Byrjað var að greina þarfirnar með hugarflugi, sjá hugarkort í viðauka, sem síðan varð leiðarljós fyrir áframhaldandi vinnu við þarfagreininguna. Notendadæmi voru skilgreind og unnin fyrir sérstakar þarfir sem eru einstakar fyrir okkar umhverfi. Nálgun á hverjar þarfirnar eru voru aðallega skoðaðar frá sjónarhorni núverandi kerfis. Þátttakendur skiptu með sér verkum og unnu notendadæmi og þarfagreiningu. Einn fundur var sameiginlegur með sérfræðihópi um lánþega.

Tengill í síðu hópsins

[Landskerfi bókasafna - Lán](#)

Lykilatriði

- **Útlán**
 - Við upphaf láns (kort skannað) - Fá strax meldingu um öll frávik á korti lánþega, t.d. kort útrunnið, útistandandi skuldir, vanskil á gögnum, frátekt eða millisafnalán bíður þess að vera sótt, takmarkanir á lánaheimildum. Þessar upplýsingar þurfa líka að koma fram við skil.
 - Á við um lán við afgreiðsluborð, sjálfsafgreiðsluvélar og millisafnalán
 - Sjálfsafgreiðsluvélar tali vel við kerfið, öll skilaboð sem kerfið gefur í hefðbundinni afgreiðslu þurfa að skila sér rétt í vélarnar.
- **Millisafnalán**
 - Millisafnalánsbeiðnir í gegnum SFX/PCI/Google Scholar skili öllum upplýsingum inn í bókasafnskerfið.
 - Nauðsynlegt að hægt sé að flytja núverandi birgjaskrá (sameiginlega skráin) yfir í nýtt kerfi.
- **Gjaldfærslur**
 - Tenging við önnur kerfi, svo sem bókhaldskerfi, sjóðsvélar og posakerfi, senda kröfur í heimabanka lánþega.
- **Meira sjálfstæði safna**
 - Safn geti sjálft stillt sína lokunardaga (vegna sekta og skiladaga) og að stillingar um lokunardaga skili sér í millisafnalán.
 - Tilkynningar og bréf – breytingar á texta bréfa séu framkvæmdar á safni.
- **Leit (bæði í starfsmannaaðgangi og lánþegaviðmóti)**
 - Bjóða upp á „Did you mean“ í leitarviðmótinu, bjóða upp á tillögur út frá því sem byrjað er að skrifa (svipað og á Google) .
 - Niðurstöður miðist við mitt safn og í leitarniðurstöðum þarf að vera hægt að velja röðun eintaka (t.d. eftir safndeild).
 - Skipanaleit (túrbóleit) verði í boði.

Meginmál

Sérfræðihópi um lán var ætlað að skilgreina þarfir bókasafnanna varðandi útlán og tengdar aðgerðir. Meðlimir hópins nálguðust verkefnið hver út frá sinni safnategund, sinni starfsreynslu og í samtali við sína samstarfsfélaga. Allir höfðu sinn notendahóp í huga og verkferla á sínum vinnustað.

Þarfagreiningin var unnin upp úr hugarkortunum Hugarflug lánahóps frá 16. október 2017 og sameiginlegu hugarkorti lána- og lánþegahóps frá 5. október. Gerð er grein fyrir hverjum lið í hugarkortunum og hverju atriði gefin einkunn frá 1-3:

- 1 – Gott að hafa (jafnvel hugsað sem minnisatriði til framtíðar)
 2 – Æskilegt
 3 – Algjörlega nauðsynlegt.

Þarfir	Vægi
Hefðbundin lán og útlánareglur	
• Safn geti sjálft stillt sína lokunardaga ○ Þau yfir 300 söfn sem nú eru í samlagi íslenskra bókasafna eru eins mismunandi og þau er mörg. Lokanir í kringum jól, páska og í sumarfríum eru því mismunandi eins og söfnin eru mörg. Í kringum þessar lokanir safnanna er mikilvægt að stilla kerfið þannig að ekki séu settir skiladagar á lámsgögnum á þessa lokunardaga. Eins og er þurfa söfnin hvert um sig að biðja starfsfólk Landskerfis um að stilla þetta af í kerfinu, þau geta ekki gert þetta sjálf. Bæði er þetta mikil vinna fyrir starfsfólk Landskerfis sem og óhentugt fyrir söfnin sem þurfa að treysta á vinnu annarsstaðar frá. Mjög mikilvægt er því að hvert safn geti stillt þetta sjálft eftir sínum hentugleika. Væri mikill vinnusparnaður og þægilegt fyrir alla aðila.	3
• Við útlán: Starfsmaður sjái strax hvað lánþeginn er þegar með í útláni (ekki bara listi yfir það sem lánast núna) ○ Það sama á við um skil: Starfsmaður sjái listann yfir útistandandi útlán og svo fækkar á listanum.	3
• Fjarlán (póstsent) ○ Fjarlán er þegar lánþegi safns óskar eftir að fá bækur sendar til sín í pósti frá bókasafninu, til dæmis ef hann býr úti á landi og á ekki heimangengt að safni en er þó virkur lánþegi þess. <i>Núverandi staða:</i> Lánþegi sendir beiðni í tölvupósti til bókasafnsins með upplýsingum um bækur sem á að senda. Auk þess sendir hann kennitölu og heimilisfang sem senda á bækurnar til. Starfsmaður bókasafnsins svarar póstinum, upplýsir lánþega um kostnað. [Í tilfalli Menntavísindasviðs: Safnið sendi bækurnar á eigin kostnað en lánþegi beri alla ábyrgð og kostnað við að skila þeim.] Starfsmaður safns finnur til bækurnar, lánað út á kennitölu lánþega, aðlagar skiladag með tilliti til þess tíma sem tekur að póstsenda bækurnar og býr þær undir póstsendingu. ▪ Vandinn við þessa aðferð: • Verkferillinn er allur utan kerfis. • Lánþegi sendir persónuupplýsingar í tölvupósti	2



- Lánþegi biður um bækur án þess að fá endilega upplýsingar um kostnað við sendinguna. - Skiladagsetning er aðlöguð handvirk og því er oft ekki samræmi í því milli starfsmanna <i>Óskastaða:</i> - Best væri ef mögulegt væri að gera þetta í gegnum kerfið. - Lánþegi óskar eftir fjarláni í gegnum kerfið á svipaðan hátt og hann óskar eftir millisafnaláni. - Fjarlán þarf að vera hægt að binda við ákveðin póstnúmer /og eða lánþegastöðu- þannig að safnið þurfi ekki að takast á við fjarlánabeiðnir frá fólki sem getur allt eins sótt bækurnar sjálft. - Upplýsingar um kostnað/lánafyrirkomulag birtast lánþega og hann þarf að samþykkja þær til að geta lokið pöntuninni - Áður en pöntun er lögð inn þarf lánþegi einnig að staðfesta heimilisfang. - Skiladagsetning aðlagast sjálfkrafa eftir gerð útlánsins - Starfsmaður safns fær tilkynningu í kerfið um beiðni um fjarlán, finnur til bækur, samþykkir lánið og sendir bækur út.	
Gögn m. fylgiefni - ekki klára lán/skil fyrr en öruggt að allir hlutar gagnsins fylgi - RFID - Merkja hvert stykki? Merkja alla hluta eintaks með sama strikanúmeri en hafa hlutanúmer að auki, td. [strikanúmer] : 1/3	2
Opin útlán (án skiladagsetningar). Sum söfn þurfa ef til vill ekki á útlánstíma/skiladegi að halda (t.d. skólasafnsérfræðisafn)	1
Við upphaf láns (kort skannað) - Fá strax meldingu um frávik á korti lánþega (t.d. frátektir, útrunnið kort, ógreidd gjöld o.s.frv.) <i>Núverandi staða:</i> - Kort lánþega er skannað inn en starfsmaður sér ekki upplýsingar um stöðu kortsins (s.s. að kort sé t.d. runnið út). - Gluggi fyrir ógreidd gjöld kemur upp strax en hann getur innihaldið sektir frá öðrum söfnum. - Upplýsingar um að kort sé útrunnið kemur svo upp þegar reynt er að skrá bók á lánþega. - Þetta getur leitt til aðstæðna eins og: starfsmaður rukkar lánþega um sektir þegar hann skilar bókum og svo ætlar hann að taka aðrar bækur að láni og þá þarf að rukka aftur fyrir endurnýjun.	3

○ <i>Mögulegar lausnir:</i> ▪ Þegar kort er skannað mætti þá sjá um leið stöðu þess. ▪ Ef kort er útrunnið, lánþegi er með ógreiddar sektir eða eitthvað annað sem bjátar á gæti komið upp melding um leið og lánþegi kemur á skjáinn. ▪ Á við um lán við afgreiðsluborð, sjálfsafgreiðsluvélar og millisafnalán	
• Hóplán - Hægt sé að lána á grúppu sem inniheldur nokkra lánþega. Ekki gervikennitala heldur nokkurs konar „hóplán“. Þetta myndi til dæmis nýtast fyrir bekkjarlán.	1
• Hægt verði að stilla útlánareglur og sektir eftir staðsetningu eintaks.	2
• Hægt verði að fela eintök, þannig að þau birtist ekki í vefaðgangi.	3
• Hægt verði að stilla hámarksskuld fyrir hvert safn (heildarþak á sektasöfnun)	2
• Ótengd útlán – að söfn geti lánað og skilað þegar tenging næst ekki við kerfi. ○ T.d. hægt að hlaða upp skjali	3
• Möguleiki á útlána-appi ○ <i>Útlán:</i> ▪ Lánþegar geti opnað bókasafnsappið sitt þar sem strikamerkjakóði kortsins birtist og geti annaðhvort sjálfir skannað í sjálfsafgreiðsluvélum eða sýnt starfsmanni í afgreiðslu sem getur þá skannað kortið í símanum. ▪ Hægt sé að skanna strikamerki eintaka með bókasafnsappinu í símanum sínum og fá gögnin lánuð þannig (svipað og QR-kóða). ▪ Hægt sé að sjá stöðu sína innan appsins (sbr. mínar síður) og framlengja lán. ▪ Hægt sé að fá lánaða bók sem er þegar í láni hjá öðrum lánþega ○ <i>Skil:</i> ▪ Skil eiga ekki að vera hluti af bókasafnsappi ○ <i>Frátektir:</i> ▪ Hægt sé að fletta upp gögnum í bókasafnsappinu og setja frátektir (annaðhvort á gögn í útláni eða í hillu, fer eftir reglum hvers safns). ○ <i>Gildistími / greiðslur:</i> ▪ Lánþegar sjái gildistíma bókasafnsskírteinisins síns í appinu, hægt sé að endurnýja með því að borga	3

árgjaldið í appinu. Einnig að hægt sé að greiða fyrir frátektir í gegnum appið og aðrar greiðslur sem til falla.	
• Hljóðmerki sem segir fyrir um að aðgerð hafi heppnast við útlán og skil.	2
Millisafnalán	
• Millisafnalán innan samlags – virknin eins og með frátektir, en samt gjaldfærslur vegna póstsendinga og lánþegi þarf að vera upplýstur um gjald. ○ Á leitir.is gerður greinarmunur á millisafnlánum og frátektum eins og er. Á myndinni eru þetta tveir flipar: <i>Frátekt</i> og <i>Millisafnalán</i>.	2
☆ Moralites postmodernes / Jean-François Lyotard Lyotard, Jean-François, 1924-1998 Paris : Galilée, c 1993 staðsetning & frátektir nánar millisafnalán notendaumfjöllun önnur þjónusta Frátekarmöguleikar: Frátekt Millisafnalán Ár: Staðsetning: Önnur staðsetning:: Eintak - flokkur: Afhendingarstaður: Gildir til: Athugasemd: Athugið: Flest sófn taka gjald fyrir þessa þjónustu.: 0 Lbs-Hbs Þjóðart 4. hæð 30 dagar Lbs-Hbs Þjóðart 27/10/2018 Frátekt	
Víða erlendis, t.d. í Danmörku er búið að sameina þessa tvo flipa í einn sem kallaður er í flestum tilvikum <i>Frátekt</i>. Í dæminu hér fyrir neðan kallast flipinn <i>Status & Reservation</i>:	
The Routledge Companion to Postmodernism Sim, Stuart; London ; Routledge ; 2005 ● Available: Book Collection, 1st Floor - 008 rou Status & Reservation Details Print/Send/Share Details of the items you want to request: Solbjerg Plads, Book Collection - 1st Floor ,008 rou Item is on an open shelf. Item status: Book (05) Call number: 008 rou, * Pickup Location: Select Pickup Location ▼ Last interest date: 26/11/2017 Request Clear Selection	

Úr flettluglugganum er hægt að velja: <i>ILL transportation</i> eða <i>Home delivery</i>. Það er því í flettluglugganum skilgreint um hvers konar lán er að ræða og hvernig lánþeginn vill nálgast eintakið. Í flettluglugganum væri hægt að hafa fleiri möguleika eftir hentugleika. Þetta væri því sami gluggi og fyrir frátekt á efni sem er í hillu. Lánþegi væri innskráður og það væri búið að skilgreina hvert væri hans heimasafn svo starfsfólk myndi vita á hvaða safn ætti að senda eintakið. Einhvers staðar í ferlinu (hugsanlega eftir að búið er að velja úr flettluglugganum) þyrfti að koma fram mögulegur kostnaður við „frátektina“.	
• Sameiginleg birgjaskrá millisafnalána ○ Nauðsynlegt að hægt sé að flytja núverandi birgjaskrá (sameiginlega skráin) yfir í nýtt kerfi	3
• Sérskrá birgja (valin samstarfssöfn hvers millisafnalánasafns) ○ Hægt að velja söfn úr aðalskránni og bæta svo við upplýsingum eftir þörfum hvers og eins safns. Dæmi: ▪ Aðgangsorð. Möguleiki á að skrá upplýsingar um bókasöfnin sem valin hafa verið í sérskrána, svo sem aðgangsorð og fleira svo hægt sé að nálgast þær upplýsingar á einum stað. ▪ Upplýsingar um hvers konar gjöld. Það hentar ekki að hafa þær upplýsingar í sameiginlegri skrá (eins og er í Aleph) því ekki eru allir að innheimta sama kostnað. ▪ Samskipti við söfn innan kerfis, skilaboð o.þ.h. ▪ Samskipti við önnur söfn. Sérniðin bréf fyrir hvert og eitt safn til að senda með skilabókum/lánsbókum. Þar þyrfti t.d. að vera hægt að bæta við texta staðlaðra bréfa t.d. þegar verið er að senda voucher með bók sem er skilað, eða ef biðja þarf afsökunar á seinum skilum. ▪ Samskipti við lánþega. Hægt að skrifa tölvupóst í millisafnalánabættinum og senda lánþega (t.d. ítrekunarbréf ef gagn er ósótt, eða að beiðni um endurnýjun hafi verið samþykkt (eða synjað)). ○ Nauðsynlegt að geta gert greinarmun á mismunandi birgjum, innan og utan samlags ▪ Birgjar/Söfn – tegundir birgja/safna • Innlend söfn – innan samlaga. • Innlend söfn – utan samlags. • Erlend söfn – utan samlags, utan kerfis. • Útgefendur – utan samlags, utan kerfis. ○ Tímaritsgreinar sem ekki eru aðgengilegar í bókasöfnum pantaðar beint frá útgefanda. Útgefendur ekki skráðir í kerfið sem birgjar, eru allir	2

skráðir undir einn hatt sem er kóðinn ONLINE Nafn: Rafræn tímarit. Þannig er haldið utan um greinapantanir hjá HR þegar keypt er beint frá útgefanda. ○ Samstarfssöfn og goggunarröð. Til að lágmarka kostnað á lán á milli safna í Gegnis samstarfinu þarf að skilgreina nánustu samstarfssöfn þar sem mögulegt er að takmarka kostnað á hverju láni.	
• Einfalt ferli millisafnalána, lánþeginn finni lítinn mun frá venjulegum lánum ○ Lánþegi þarf samt að vita að þetta sé sérstök þjónusta sem kostar ○ Upplýsingar um kostnað/lánafyrirkomulag birtast lánþega og hann þarf að samþykkja þær til að geta lokið pöntuninni. ○ Lánþegi geti sjálfur beðið um endurnýjun millisafnaláns á einfaldan hátt.	3
• Lokunardagar safns fyrir hefðbundin lán skili sér í millisafnalánastillingar. ○ Eins og er hafa lokunardagar ekki skilað sér inní MSL þáttinn. Starfsfólk MSL í öllum söfnum þurfa því að vera mjög meðvituð í kringum þessar lokanir og stilla lokunardaga handvirkir fyrir hvert einasta lán. Mjög mikilvægt er því að stillingar lokunardaga skil sér inní MSL kerfið eins og með önnur lán sem viðeigandi safn sér um.	2
• Sektir vegna vanskila fyrir millisafnalán séu sambærilegar við aðrar sektir safns og byggi á sömu stillingum.	3
• Skiladagar millisafnalána séu vel sýnilegir í millisafnalánþættinum.	3
• Samskipti við birgja og lánþega þurfa að vera betri í kerfinu. Hægt að sjá samskiptin eftir á og pósturinn fari beint frá kerfinu.	2
• Millisafnalánsbeiðnir í gegnum SFX/PCI/Google Scholar ○ Lánþegi finnur grein á leitir.is sem hann þarf nauðsynlega að lesa:  Tímaritsgrein ☆ A constructivist account of the Congo wars Clark, J.F. African Security, July 2011, Vol.4(3), pp.147-170 Copyright 2011 Elsevier B.V., All rights reserved. panta grein nánar ○ Heildartexti að grein er ekki aðgengilegur en möguleiki er á að panta greinina í millisafnalán gegnum SFX þjónustuna:	3



Upplýsingar um aðgang

Enginn heildartexti fannst / No full text available for this item Lánþegar þessara safna geta óskað eftir að grein/bókarkaffi/bók verði pöntuð, ekki heil tímaritshefti. Skoðaðu GJALDSKRÁ þíns bókasafns | You can order an article/chapter/book from your library, not whole issues. Please check the CHARGES at your library

Millisafnalán / Interlibrary loan hjá Landsbókasafni Íslands - Háskóla

- Lánþegi ákveður að nýta sér þessa þjónustu og smellir á Go.
- Eftirfarandi beiðnaform opnast með öllum upplýsingum um greinina, lánþeginn þarf að einungis að gera grein fyrir sjálfum sér og smell á Send Request:

Genre	article
Article Title	A Constructivist Account of tl
Journal	African security
Author Name	Clark, J F
PubliPlace	Philadelphia, PA
Publisher	Taylor and Francis
Year	2011
Month	07
Day	15
Volume	4
Issue	3
Pages	147-170
ISSN	1939-2206
ISBN	
First Note	
Second Note	
* Your Name	Sigurgeir Finnsson
* Your Email Address	sigurgeir@landsbokasafn.is
* Borrower ID	1909774129

Send Request

- Beiðnin berst í tölvupósti á netfangið millisafnalan@landsbokasafn.is, beiðnin fer ekki beint inn í millisafnalánakerfið. Beiðnin er prentuð út og svo handskráð inn í millisafnalánakerfið.

genre: article

Article Title: A Constructivist Account of the Congo Wars

journal: African security

Author Name: Clark, J F

publiPlace: Philadelphia, PA

publisher: Taylor and Francis

year: 2011

month: 07

day: 15

volume: 4

issue: 3

pages: 147-170



ISSN: 1939-2206 recipient: millisafnalan@landsbokasafn.is source: primo.exlibrisgroup.com:primo3-Article-scopus (Via SFX) Your Name: Sigurgeir Finnsson Your Email Address: sigurgeir@landsbokasafn.is Borrower ID: 1909774129 ▪ Það væri mjög til bóta að slíkar beiðnir myndu berast beint inní millisafnlánakerfið, hvort sem þær koma í gegnum SFX eða einhverja aðra þjónustu. Þetta eru frekar staðlaðar upplýsingar en nóg væri að fá þessi helstu atriði (feitletruð í dæminu hér að ofan).	
Sjálfsafgreiðsla	
• Sjálfsafgreiðsluvélar ○ Sjálfsafgreiðsla þarf að vera einföld í notkun og aðgengileg fyrir notendur ○ Birti helstu upplýsingar um viðskiptavin þegar kort er skannað, svo sem útlán, skuldir o.fl. ○ Mikilvægt er að það birtist strax á skjánum skilaboð til viðskiptavinar ef korti er hafnað, og þá hvers vegna ○ Komi strax útprent eða melding ef það er frátekt á bók sem skilað er ▪ Fráteknar bækur eyrnamerkist strax næsta lánþega, ekki nauðsynlegt að „skila aftur“ eins og nú er gert ○ Kerfið stoppi skil frá öðrum söfnum ○ „Vinsamlegast snúið ykkur að þjónustuborði“ melding ef villa kemur upp.	3
• Sjálfsafgreiðsla án vélar ○ Lítil söfn, til dæmis grunnskólasöfn og stofnanasöfn þar sem viðvera bókavarðar er lítil, þurfa möguleikann á sjálfsafgreiðslu en hafa ekki bolmagn til að kaupa eða þjónusta sérstakar sjálfsafgreiðsluvélar. ○ Núverandi lausn: ▪ Lánþegar hafa aðgang að tölvu með uppsettum biðlara fyrir Gegni, en innskráður notandi hefur aðeins heimild til að lána og skila. ○ Nýtt bókasafnskerfi þyrfti að bjóða upp á samsvarandi takmarkaðar „starfsmanna“-heimildir, þar sem hægt væri að opna starfsmannaviðmót með mjög takmörkuðum heimildum til að tryggja að lánþegar komist ekki á staði í kerfinu sem þeim eru óviðkomandi (t.d. persónuupplýsingar annarra lánþega). ▪ Önnur lausn væri að vera með app sem lánað út.	3



Tölfræði																																					
• Upplýsingarnar sem hægt er að draga út í Gegni eru góðar, viljum halda því. ○ Hafa alla sömu möguleika og eru nú í Gegni ○ Bæta við: Sameiginleg tölfræði með rafrænu efni.		3																																			
• Hafa sömu tölfræðimöguleika fyrir millisafnalán og eru núna í boði fyrir hefðbundin lán.		3																																			
Leit og leitarniðurstöður (bæði á vef og í starfsmannaaðgangi)																																					
• Miða leitarniðurstöður á vef við „mitt safn“ og að það sé stillingaratriði hvers og eins lánþega.		2																																			
• Bjóða upp á „Did you mean“ í leitarviðmótinu, bjóða upp á tillögur út frá því sem byrjað er að skrifa og miðar við hvað er til í gagnagrunninum (svipað og á Google og hbs.is).		3																																			
• Leitarniðurstöður innihaldi einnig rafbækur og annað rafrænt efni.		3																																			
• Barnvænna útlit / hvert safn geti haft sitt útlit.		2																																			
Leitarniðurstöður – röðun eintaka/safndeilda/safnkóða. • Þegar niðurstöður leita birtast í leitarflípanum þyrfti að vera hægt að stilla þannig að heimasafn sé efst í staðinn fyrir að það sé sjálfkrafa önnur röðun (t.d. í stafrófsröð) eins og sést hér: 1. Full+Eintök 2. MARC svið 3. MARC sviðshelti 4. Spjaldskrá 5. Tilvitnun <table><tr><td>Eintök</td><td>Alm./skólasafnið Stokkseyri</td></tr><tr><td>Eintök</td><td>Bókasafn Árborgar Eyrarbakka</td></tr><tr><td>Eintök</td><td>Bókasafn Árborgar Selfossi</td></tr><tr><td>Eintök</td><td>Flóaskóli</td></tr><tr><td>Eintök</td><td>Sunnulækjarskóli</td></tr><tr><td>Eintök</td><td>Vallaskóli Sólvellir</td></tr><tr><td>Eintök</td><td>All Items</td></tr></table> o Svo þegar farið er í eintakaflípann þyrftu þær niðurstöður einnig að vera stillanlegar þannig að heimasafn birtist efst: 🔍 [1] Verkpættir 🔍 [2] Yfirlit [M] Eintakalisti (55/17) [E] Breyt./Útl.saga - Öll eint. [I] Eintak (17604059, B 813 Gun P [H] Frátekktir (0, 0) [P] Ljósritabeiðnir (0, 0) [L] Útlán (Due date 25/10/17) [O] Breytingar/Útl.saga (Last upda ☐ Aðeins eint. í útláni <table><thead><tr><th>Sublibrary</th><th>Description</th><th>Collection</th></tr></thead><tbody><tr><td>Bókasafn Árborgar Eyrarbakka</td><td></td><td>Barnadeild</td></tr><tr><td>Flóaskóli</td><td></td><td></td></tr><tr><td>Bókasafn Árborgar Selfossi</td><td>Fjólublár</td><td>Barnadeild</td></tr><tr><td>Bókasafn Árborgar Selfossi</td><td>Fjólublár</td><td>Barnadeild</td></tr><tr><td>Vallaskóli Sólvellir</td><td></td><td></td></tr><tr><td>Vallaskóli Sólvellir</td><td></td><td></td></tr></tbody></table>	Eintök	Alm./skólasafnið Stokkseyri	Eintök	Bókasafn Árborgar Eyrarbakka	Eintök	Bókasafn Árborgar Selfossi	Eintök	Flóaskóli	Eintök	Sunnulækjarskóli	Eintök	Vallaskóli Sólvellir	Eintök	All Items	Sublibrary	Description	Collection	Bókasafn Árborgar Eyrarbakka		Barnadeild	Flóaskóli			Bókasafn Árborgar Selfossi	Fjólublár	Barnadeild	Bókasafn Árborgar Selfossi	Fjólublár	Barnadeild	Vallaskóli Sólvellir			Vallaskóli Sólvellir				3
Eintök	Alm./skólasafnið Stokkseyri																																				
Eintök	Bókasafn Árborgar Eyrarbakka																																				
Eintök	Bókasafn Árborgar Selfossi																																				
Eintök	Flóaskóli																																				
Eintök	Sunnulækjarskóli																																				
Eintök	Vallaskóli Sólvellir																																				
Eintök	All Items																																				
Sublibrary	Description	Collection																																			
Bókasafn Árborgar Eyrarbakka		Barnadeild																																			
Flóaskóli																																					
Bókasafn Árborgar Selfossi	Fjólublár	Barnadeild																																			
Bókasafn Árborgar Selfossi	Fjólublár	Barnadeild																																			
Vallaskóli Sólvellir																																					
Vallaskóli Sólvellir																																					
• Það sama á við um leitarniðurstöður á vef – það þarf að vera hægt að stilla röðun safna/safndeilda. • Best væri að tengja þessar stillingar við heimildir starfsmanns / lánþega																																					

• Skipanaleit (túrbóleit) verði í boði a.m.k. í starfsmannaaðgangi.	2
Gjöld og sektir	
• Gera þarf ráð fyrir mismunandi gjaldfærslum ○ Sektir ○ Lánþegaskírteini ○ Millisafnalánagjöld ○ Týnd gögn ○ Tryggingagjöld (t.d. lyklar, skápar) ○ Aðrar gjaldfærslur (t.d. útlánagjöld, frátektagjöld, söluvara, herbergjaleiga).	3
• Tenging við önnur greiðslukerfi, svo sem bókhaldskerfi, sjóðsvélar og posakerfi, senda kröfur í heimabanka lánþega ○ <i>Reikningar:</i> ▪ Gott væri ef nýtt kerfi byði upp á að útbúa reikninga til lánþega vegna gjaldfærslna sem hægt væri að prenta út á miðaprenturunum (sbr. t.d. nótur í nýjum Krónuverslunum). Lánþegar biðja stundum um reikninga / nótur fyrir því sem þeir þurfa að greiða og þá þarf að grípa í gamaldags kalkipappírsnótnahefti. Oft þarf að útbúa nýjar gjaldfærslur (t.d. fyrir glötuðum eða skemmdum gögnum) sem gæti þurft að útbúa reikninga fyrir og eins senda kröfu beint í heimabanka. ○ <i>Heimabanki:</i> ▪ Ef hægt væri að senda kröfur beint úr bókasafnskerfi yfir í heimabanka lánþega vegna ýmissa gjalda / sekta þá væri það kostur. Það þyrfti ekki endilega að vera hægt að gera það úr almennum afgreiðslutölvum, mætti vísa fólki í upplýsingaþjónustu eða ef hægt væri að sjá um þetta í bakvinnu. ○ <i>Bókasafnskerfi og greiðslukerfi / bókhaldskerfi:</i> ▪ Ef hægt væri að fá bókasafnskerfi og greiðslukerfi til þess að tala saman þá væri það mögulega kostur sem mörg söfn myndu nýta sér. Það væri t.d. þægilegt ef hægt væri að tengja posakerfi við bókasafnskerfið að auki. Þessi möguleiki myndi þó trúlega ekki útrýma sjóðsvélum algjörlega, þar sem bókasöfn innheimta oft ýmis konar önnur gjöld sem fara ekki í gegnum bókasafnskerfið (allavega ekki eins og er, t.d. rúkkun fyrir notkun á tölvum, útprent, sala í safnabúðum, o.fl.).	3
Tilkynningar og bréf	
• Sveigjanleiki – margar samskiptaleiðir í boði	3



○ App með "Push notification" ▪ Frátektir ▪ Vanskil ▪ Tilkynningar frá safni ○ Sms ○ Tölvupóstur ○ Símhringing ○ Messenger ○ Nemendakerfi	
• Meiri sjálfvirkni í rukkbrefum og viðvörðunum ○ Tilkynningar um að skiladagur nálgist og vanskil þurfa að berast lánþegum þótt safn sé lokað. Þarf að fara sjálfvirkt út úr kerfinu. ○ Val um sjálfvirkni (on/off) ▪ Tilkynningar berast ekki sjálfvirkt heldur myndu starfsmenn senda skilaboðin af stað en velja samskiptaleið sem væru þá inni í lánþegamyndinni.	2
• Auðvelt sé að gera breytingar á texta bréfa á safni ○ Ekki sé nauðsynlegt að allar breytingar séu gerðar miðlægt á skrifstofu samlags ○ Stærri söfn þurfa að geta breytt sínum bréfum sjálf (t.d. undirskrift) ef þau kjósa svo. ○ Aðgengilegur ritill til að breyta bréfum, ekki þurfi að vinna beint í kóða.	3
• Frátektartilkynningar ○ Tilkynning um að fráteknugagn hafi verið skilað ætti ekki að fara til lánþegans fyrr en gögn eru komin á réttan stað (nota „in transit“ möguleika?) – Það reynir á þetta t.d. í Borgarbókasafni þegar gögnum er skilað í öðru útibúi.	2
• Samskiptasaga ○ Starfsmenn þurfa að komast í yfirlit yfir send bréf/skilaboð til lánþegans.	2
Endurnýjanir	
• Sömu forsendur séu fyrir rafrænt og raunefni ○ Best væri að lánþegi fengi skilaboð þegar útlánstími rafræns efnis er að renna út (eins og gert er með annað efni) og geti þá endurnýjað lánið. Ef biðlisti er eftir bókinni þá á ekki að vera hægt að endurnýja. Lánþegi ætti að geta endurnýjað lánið á raf/hljóðbókinni jafn oft og annað efni. Útlánstíminn ætti að vera sambærilegur við útlánstíma á raunefni. T.d. 4 vikur eins og útlánstíminn er að öllu jöfnu á bókum. (Útlánstíminn er núna 3 vikur á rafbókum – hvers vegna ekki 4 vikur?)	1
• Hægt að láta endurnýja sjálfkrafa	2



○ Það er hægt að láta endurnýja lán sjálfkrafa í Aleph (í Courtesy Notices (cir-10)) Það gerir bókasafnið í Jönköping í Svíþjóð (voru með Aleph – til stóð að skipta í Ölmú – nú er komið nýtt kerfi, en ég veit ekki fyrir víst hvort Alma varð fyrir valinu). Heimasíðan þeirra og allt sem þau gera er til fyrirmyndar. http://ju.se/library.html ▪ Mismunandi stillingar eftir efni/lánþegum. Það þyrfti að vera hægt að skilgreina eftir lánþegastöðu (eða lánþegategund) og endurnýja sjálfvirk t.d. eingöngu fyrir starfsmenn og/eða önnur bókasöfn, þ.e. millisafnalán. Best væri að hægt væri að stilla eftir lánstíma þannig að þetta ætti við eingöngu um almenn útlán (4 vikur), en ætti ekki við um skemmri lán. Þá þyrfti að vera hægt að stilla fjölda sjálfvirkra endurnýjana eða hversu langt tímabil lánstíminn má ná yfir.	
Frátektir	
• Frátektir á efni í hillu ○ Sum söfn vilja bjóða upp á þessa þjónustu en önnur ekki. Sum söfn vilja jafnvel aðeins bjóða upp á þessa þjónustu fyrir efni í ákveðnum safndeildum (t.d. geymslur í öðru húsnæði). Þetta þyrfti því að vera hægt að stilla (on/off) eftir safni og safndeild.	3
• Frátektartilkynningar ○ Söfn þurfa að hafa valmöguleika um það hvort frátektartilkynning berist strax og gagni er skilað (í tölvupósti eða slíku) eða ekki. (Þessi valmöguleiki er í boði í Aleph, það þarf að halda honum áfram í nýju kerfi). ○ Lánþegi pantar gagn ▪ sem er í útláni ▪ sem er í hillu Á skjá lánþegans birtist textinn „Frátektaþeirri móttekin. Haft verður samband þegar gagnið er aðgengilegt“. Hafa möguleika á stöðluðu bréfi úr lánþegamynd viðkomandi. Þar kæmi fram sá tími sem tiltekið safn heldur gagninu fyrir viðkomandi lánþega. Ef bókasafn notar staðlað svar til þess að láta lánþega vita af gagninu þarf einnig að vera auð lína svo hægt sé að skrifa svar ef staðlað svar passar ekki. Mikilvægt er að miðar sem prentast út við frátekt tengist ákveðnu númeri frekar en kennitölu viðkomandi. Þannig geta lánþegar nálgast sjálfir sína frátekt úr pantanahillu.	2

• Frátektir á tiltekið eintak / tiltekið bindi ○ Stillingin „like items“ í frátektum tryggir að lánþegi fær næsta lausa eintak ef safn á fleiri en eitt eintak af sama titli. ▪ Stundum þarf hins vegar að setja frátekt á ákveðið eintak – sá valmöguleiki þarf að vera til staðar. ○ Fjölbindaverk eru gjarnan skráð á eina færslu (Dæmi: Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi). Lánþeginn verður að geta tekið frá rétt bindi. ▪ Í þessu tilviki er ekki nóg að velja ákveðið eintak, því safnið getur átt mörg eintök af sama bindi. Lánþeginn þarf að fá næsta lausa eintak af viðkomandi bindi. ○ Í Aleph er þetta leyst með því að merkja bindin á svipaðan hátt og þau væru tímarit (nota reit fyrir tölublað) og frátektin gildir þá aðeins fyrir öll eins eintök með sömu merkingu fyrir númer bindis / tölublaðs. Á þann hátt er tryggt að lánþegi sem hefur sett frátekt á 3. bindi Dalalífs fær næsta lausa eintak af 3. bindi. ▪ Nýtt kerfi þarf að bjóða upp á hliðstæða lausn.	3
• Sömu forsendur/reglur séu fyrir rafrænt og raunefni þegar kemur að frátektum, annað getur verið ruglandi fyrir lánþegann.	1
Samskipti við lánþega – upplýsingaþjónusta	
• Netspjall, fyrirspurnagluggi ○ Sbr. Biblioteksvagten.dk ○ Tengja við app.	1
Lánþegar	
• Lánþegar geti séð lánin sín og útlánasögu á einum stað (raun og raf)	
• Lánþegategund (bekkjarupplýsingar í grunnskólum, deildir í háskólum) ○ Skólar þurfa að geta merkt nemendur eftir bekkjum og deildum. ▪ <i>Núverandi staða:</i> • Háskólar nota <i>lánþegategund</i> í staðbundnum lánþegaupplýsingum til að greina á milli deilda. Tilgangurinn með skráningunni er fyrst og fremst vegna tölfræði, að hægt sé að meta notkun bókasafnsins eftir deildum háskólans. Háskólum hentar að nota fellilista fyrir skráninguna, því deildirnar heita það sama á milli ára. • Grunnskólar merkja nemendur sína með bekkjarupplýsingum í reit sem kallast „<i>Staðb. aths. 3</i>“. Tilgangurinn með skráningunni er fyrst og fremst að geta dregið út vanskilalista / útlánalista sem er raðað eftir bekkjum, til að	3

auðvelda innheimtu. Grunnskólar geta ekki notað fellilista fyrir skráninguna, því heiti bekkjanna breytist á milli ára og fer gjarnan eftir upphafsstöfum umsjónarkennara. Dæmi: Bekkurinn 3. SB mun heita 4. SB á næsta ári. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir grunnskólana að hafa reit fyrir frjálsan texta. - Framhaldsskólar hafa ekki aðgreint nemendur eftir bekkjum/deildum, en myndu kannski nýta sér það í framtíðinni. Möguleg lausn: - Söfnin samnýti eitt svæði þar sem boðið er upp á fellilista með deildaskiptingu, en einn valmöguleikinn (Grunnskólar) býður upp á „free text“ í næsta reit, þar sem hægt væri að setja inn bekkjarupplýsingar grunnskóla. Flestar upplýsingar koma inn í kerfið með keyrslum eða beintengingu við nemendakerfi. - Aðrar lausnir koma til greina, aðalmálið er að skólarnir geti haldið áfram að aðgreina nemendur í takt við þarfirnar sem nefndar eru hér að ofan.	
Fleiri en ein lánþegastaða pr. lánþega. - Lánþegar þurfa stundum að vera með fleiri en eina stöðu/skilgreiningu í safni. - Dæmi 1: Háskólakennari fer í doktorsnám – hann er þá bæði starfsmaður og nemandi. - Dæmi 2: Kennari í grunnskóla þar sem samsteypusafn er með almenningssafni – kennarinn er bæði starfsmaður skólans og almennur lánþegi í almenningssafnshlutanum. - Ein lausn gæti verið að nota stigveldismerkingu á lánþegastöðu: - Starfsmaður – - Nemandi / Almennur lánþegi	2
Milliforrit sem breytir lánþegastöðu í fullorðinn/eldri borgara miðað við aldur samkvæmt þjóðskrá. Þetta yrðum við að gera sjálf, ekki hluti af nýju bókasafnskerfi.	1
Kyngreining lánþega - Niðurstaðan var að fylgja þjóðskrá en nýtt bókasafnskerfi þarf að geta tekið við auknum upplýsingum um kyn ef þjóðskrá bætir sína skráningu.	




• Sambætting við nemendakerfi – skólasöfn myndu vilja sýna útlán lánþegans (nemandans) inni í Mentor eða sambærilegum kerfum (Innu, Uglu, Canvas, MySchool...) ○ InfoMentor kerfið er hannað til að auðvelda skólum að innleiða hæfninám samkvæmt aðalnámskrá. Nemendur hafa aðgang að sínum námslotum. Í framhaldi metur kennari árangur nemenda og þar með gefst einstakt tækifæri til að upplýsa og virkja nemendur til þátttöku í eigin námi. Um fleiri möguleika er að ræða í kerfinu sem miða að samstarfi og samskiptum. Það mikilvæga er að geta uppfyllt kröfur kennara og nemenda hvað þetta varðar og geta miðlað þeim í hvaða tæki sem er. Gott væri að fá þann möguleika að birta þau gögn sem nemandi er með í útláni á sínu skólabókasafni í Mentor. Það myndi gera nemendum og aðstandendum þeirra auðveldara fyrir að fylgjast með útlánum nemenda. Þetta myndi líka auðvelda starfsmönnum safnanna vinnuna við að innheimta gögn í útláni á skólasöfnum.	3
• Útlánapak - Fjöldatakmarkanir á útlánum pr. lánþega ○ <i>Núverandi staða:</i> Í Aleph vantar sárlega heildarútlánapak fyrir lánþegann. Nú er einungis hægt að stilla útlánapak á hverja eintakastöðu fyrir sig. Ef útlánapakið á t.d. að vera 20 eintök, þá leyfir stillingin lánþeganum að hafa samtímis 20 eintök sem eru í 14 daga láni, önnur 20 sem eru í 30 daga láni, enn önnur 20 eintök sem eru í vetrarláni og svo framvegis. ○ <i>Óskastaða:</i> Flest söfn sem nýta sér útlánapak vilja að þakið gildi á öll gögn lánþegans í því safni, óháð samsetningu útlánanna. Heildarútlánapak lánþegans í hverju safni fyrir sig þyrfti því að vera möguleiki í nýju kerfi. ○ Þegar kort lánþegans er skannað þarf að koma melding um að útlánapaki sé náð. Þetta þarf starfsmaður hins vegar að geta yfirskipað þegar við á.	2
Samantekt Fulltrúar lánahóps endurspegluðu ólíkar safnategundir og hversu þarfir þeirra geta verið mismunandi. Þarfagreiningu lánahóps má draga saman í þrjú atriði: • Nýtt bókasafnskerfi þarf styðja við mismunandi verklag og þarfir bókasafnanna	

- Nýtt bókasafnskerfi þarf að geta veitt bókasöfnum meira sjálfstæði í stillingum
- Samþætting við önnur kerfi (þar með talið sjálfsafgreiðsluvélar) þarf að vera hnökralaus

Margt kom upp í umræðum sem tengist stillingum eða uppsetningu og hefur valdið vandræðum í núverandi kerfi. Mikilvægt er að læra af fortíðinni og forðast að gera sömu mistök. Má þar nefna skiptingu safna í hópa (stjórnunareiningar) sem veldur vandræðum þegar kemur að ýmsum fínstillingum fyrir söfnin. Þó þarf að hafa í huga að hægt sé að opna á útlánasamstarf bókasafna, án þess að þau tapi sjálfstæði sínu í tölfræði, útlánareglum og öðrum stillingum.

Viðaukar

- a) Hugarkort lánaþóps



Lokaskýrsla : Sérfræðihópur um lánþega

Nóvember 2017

Inngangur

Sérfræðihópi um lánþega var ætlað að móta sýn á þjónustur við lánþega og uppbyggingu lánþegaskráarinnar. Megin áherslan var tvíþætt, annars vegar þjónusta við lánþega á vef og hins vegar skráning lánþega og samþætting lánþegaupplýsinga við önnur kerfi. Mikil áhersla var lögð á að lánþegar þyrftu ekki að skrá sig inn í mörg kerfi til þess að geta notað þjónustur sem að bókasöfnin bjóða upp á. Einnig var lögð mikil áhersla á að „staðbundnar lánþegaupplýsingar“ þ.e.a.s. upplýsingar sem í raun tilheyra einu safni séu í reynd þannig og að önnur söfn þurfi ekki að taka tillit til verklags annarra safna.

Markmið

Hlutverk hópsins er í meginráttum að:

- Skoða uppsetningu lánþegaskráarinnar
- Tengingar lánþegaskrár við önnur kerfi
- Skilgreina þarf hvaða þjónustur eru nauðsynlegar / ákjósanlegar fyrir lánþegann

Það þarf að skoða kosti og galla þess að vera með eina lánþegaskrá eins og núna er í Gegni. Svara þarf spurningum eins og hvaða upplýsingar mega sjást á milli safna, t.d. netföng, það er hversu opin skráin má vera eða hvort að það þurfi að vera margar lánþegaskrár? Hvernig eiga tengingar við grunnkerfi eins og þjóðskrá, nemendaskrár o.s.frv. að vera, hvaða tengingar vantar? Hvaða verkferla á að vera hægt að gera á söfnunum og hvað þarf að gera miðlægt?

Varðandi þjónustu fyrir lánþegana þarf að huga að notkun „API“ sem tengja ólík kerfi saman, einnig þarf að huga að öppum. Allar þjónustur sem tengjast lánþegum byggja á lánþegaupplýsingum í bókasafnskerfinu hvort sem um er að ræða leitir.is, vefi bókasafna, háskólakerfi eða hvað annað sem verið getur.

Hvernig á innskráningu lánþega að vera háttað? Á lánþeginn að þurfa að skrá sig inn í mörg kerfi eða stefnum við að miðlægri innskráningu. Er hægt að auðkenna lánþega fyrir utan bókasafnskerfið eins og t.d. með tengingum við nemendakerfi eða Island.is?

Hvernig verða lánþegakort framtíðarinnar?

Það er nauðsynlegt að auka vægi sjálfsafgreiðslu í nýju kerfi og stuðla að því að lánþegar geti afgreitt sig sem mest sjálfir. Skilgreina þarf hvaða sjálfsafgreiðsluþjónustur væri ákjósanlegt að hafa s.s.

- Greiðslur á vef – tenging við fjárhaldskerfi
- Kaupa skírteini á netinu
- Endurnýjun skírteina á netinu
- Endurheimta gleymt lykilorð

Fulltrúar

- | | |
|-----------------------------|---|
| ▪ Andrea Ævarsdóttir | Bókasafn Grindavíkur |
| ▪ Brjánn Birgisson | Borgarbókasafn Reykjavíkur |
| ▪ Geir Jón Karlsson | Landskerfi bókasafna |
| ▪ Guðrún Kristín Jónsdóttir | Amtsbókasafnið á Akureyri |
| ▪ María Bjarkadóttir | Bókasafn Tækniskólans |
| ▪ Sigríður Bjarnadóttir | Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn |
| ▪ Sigrún Hauksdóttir | Landskerfi bókasafna |
| ▪ Þórey Ösp Gunnarsdóttir | Bókasafn Reykjanesbæjar |

Guðrún Kristín var valinn formaður og Sigrún var starfsmaður hópsins.

Fundir

Alls voru haldnir 6 fundir í sérfræðihópnum. Byrjað var að greina þarfirnar með hugarflugi, sjá hugarflugskort í viðauka, sem síðan varð leiðarljós fyrir áframhaldandi vinnu við þarfagreininguna. Notendadæmi voru skilgreind og unnin fyrir sértilgreindar þarfir. Nálgun á hverjar þarfirnar eru voru fyrst og fremst skoðaðar út frá sjónarhorni núverandi kerfis en vissulega var horft til annarra bókasafna og kerfa. Þátttakendur skiptu með sér verkum og unnu notendadæmi og þarfagreiningu. Einn fundur var sameiginlegur með sérfræðihóp um lán.

Haldið var utan um fundargerðir og aðrar niðurstöður sérfræðihópsins á vef Landskerfis bókasafna <https://landskerfi.is/kerfin/nytt-bokasafnskerfi/serfraedihopar/lanthegar>.

Lykilatriði

Mörg vandamál sem tengjast lánþegum tengjast núna stjórnunareiningum og sameiginlegri lánþegaskrá. Rauði þráðurinn í vinnu sérfræðihóps um lánþega er að hvert safn hafi stjórn á sinni lánþegaskrá og að það sé meiri lokun á milli safna.

Allt sem snýr að samþættingu vefs og bókasafnskerfis fyrir lánþegann verði einfaldara og að lánþeginn geti gert sem flestar aðgerðir sjálfur í einni innskráningu, t.d. endurheimt lykilorð, endurnýjað skirteini og greitt sektir, valið hvaða netföng eru notuð á hverju safni og möguleiki sé að hafa mörg og löng netföng.

Innskráning / auðkenning lánþega á að vera möguleg í gegnum, Island.is, rafræn skilríki og þess háttar þjónustur. Einnig þarf að vera hægt að nota hefðbundna innskráningu.

Fjölpætt samtenging með „single sign on“ við nemendakerfi þar sem flestar þjónustur við lánþegann verði mögulegar frá nemendakerfum eins og tilkynningar og rukk. Frá sjónarhorni starfsmanna þarf að vera hægt að fletta upp og flytja upplýsingar úr kerfunum.



Viðvaranir í kerfinu þurfa að vera stillanlegar og augljósar, bæði á skjá og með hljóðmerki. Þær eru jafn mikilvægar í sjálfsafgreiðsluvélum, á leitarvef og í samtengdum nemendakerfum.

Námsbókasafn, heimildaskráning og „Mín hilla“ þurfa að vera notendavæn. Starfsfólk skólabókasafna á öllum námsstigum þarf að hafa aðgang að leslista / námsbókasafns virkni. Heimildaskráning er of flókin og það þarf að einfalda það verkferli sem og að mögulegt sé að bæta við sniðum.

Meginmál

Sérfræðihópi um lánþega var ætlað að móta sýn á þjónustur við lánþega á vef og lánþegaskrána. Hópurinn nálgadist verkefnið út frá þessum tveimur sjónarhornum, þ.e.a.s. umfjöllun um lánþegaskrána var út frá bókasafnskerfinu eða vinnutæki starfsmanna en nálgunin vegna þjónusta fyrir lánþega á vef var að sama skapi út frá leitarvefnum „leitir.is“ eða sambærilegu kerfi ásamt samþættingu kerfanna við önnur kerfi.

Þarfragreiningin var unnin upp úr hugarkortunum tveimur „Lánþegar – lánþegaskrá“ og „Lánþegar – þjónustur á vef“. Gerð er grein fyrir hverjum lið í hugarkortunum og hverju atriði gefin einkun frá 1 – 3:

1 – Gott að hafa (jafnvel hugsað sem minnisatriði til framtíðar)

2 – Æskilegt

3 – Algjörlega nauðsynlegt

LÁNÞEGAR - lánþegaskrá

Þarfir

Vægi

Sjálfsafgreiðsluvélar

Fara beint úr útlánum í stöðu lánþegans

Mögulegt að fara beint úr útlánum í stöðu, þ.e. hvað þú ert með í láni. Það er nauðsynlegt að lánþegi þurfi bara að skrá sig inn einu sinni þegar sjálfsafgreiðsluvél er notuð. Hann á að geta farið úr útlánum yfir í stöðu og öfugt án þess að þurfa að fara aftur á upphafsskjá og skrá sig aftur inn, sjá viðauka 1.

1

Útlánkvittun frá sjálfsafgreiðsluvél – möguleiki að sjá útlánsafn eða öll söfn

Útlánaupplýsingar prentaðar úr sjálfsafgreiðsluvél innhalda öll söfn og safn er ekki tilgreint í núverandi kerfi. Það þarf að vera hægt að sjá frá hvaða bókasafni gögn eru þegar lánþegi fær kvittun úr sjálfsafgreiðsluvél. Eins og staðan er í dag er bara strikamerki og skiladagur en ekki hvaða safn á gögnin. Það er ekki hentugt þar sem lánþegar geta verið notendur á fleiri en einu safni. Það ætti að vera hægt að velja kvittun fyrir núverandi útlánasafn eða kvittun fyrir öll útlán óháð safni, sjá mynd í viðauka

3

Staðlar Kerfið þarf að uppfylla alla þætti SIP2 /SIP3 staðalsins til að rétt skilaboð komi frá kerfi til lánþegans.	3
Samspil kerfis og sjálfsafgreiðsluvéla Villuboð þurfa að berast á milli kerfis og véla en ekki bara "villa". Villuboð ættu að birtast strax, t.d. útrunnið skírteini/hámarkssekt áður en lánþegi fer að fá lánað.	3
Útlána-app til að lánþegi geti lánað sér sjálfur (hluti af bókasafns appi) Lánþegi á ekki að þurfa að bíða eftir að komast að einhverjum ákveðnum vélum til að lána sér sjálfur. Hann ætti að geta skannað inn það sem hann vill fá lánað með símanum sínum eða öðru snjalltæki ef hann er með útlánaapp uppsett. Möguleikar að samþætta með API til að gera app.	1
Sambætting sjálfsafgreiðsluvéla og greiðslugáttar er nauðsynleg Endurnýjað skírteini og greiða sektir í sjálfsafgreiðsluvél. Lánþegar eiga að geta gert sem flest sjálfir og eiga ekki að þurfa að koma við í afgreiðslu bókasafns bara til að endurnýja skírteini eða greiða sektir.	2
Sjálfsafgreiðsluvélin á að geta verið allsherjarupplýsingagátt, bæði leitarvél, mínar síður Er hægt að sameina leitarvélar og sjálfsafgreiðsluvélar svo lánþegar þurfi ekki að fara á tvo mismunandi staði til að leita að safnefni og fá lánað. Þetta er ekki sniðugt fyrir stærri söfn þar sem er mikil ásókn í sjálfsafgreiðsluvélar og lánþegar hafa ekki áhuga á að bíða eftir næstu lausu vél.	1
Lánþegaskrá - Samskipti við lánþega	
Skilaboð til lánþega Geta sent lánþegum skilaboð vegna tilfallandi atriða út úr kerfi, t.d. gleymdur sími. Að skilaboð geti borist með mismunandi hætti, eftir því sem hentar hverjum lánþega, tölvupóstur, sms, símhringing	3
Lánþegi geti stillt það á sínum síðum hvernig hann vill vera í samskiptum við bókasafnið sitt - tölvupóstur, sms, nemendakerfi Starfsmaður geti stillt hvernig lánþegi vill vera í samskiptum við bókasafnið sitt - tölvupóstur, sms, nemendakerfi	2
Stillingar og möguleikar á samskiptum verða að vera tengdar safni Að skilaboðin séu jafnvel geymd í einhvern tíma í kerfinu, líkt og í tölvupósti. Starfsmenn verða að geta sannað að þeir hafi haft samband	3



Senda tölvupóst Það þarf að senda eftirfarandi tilkynningar í tölvupósti: • Skiladagur nálgast • Skilatími liðinn • Ítrekun á skilum? - hefðbundið rukk • Útlánayfirlit ○ Möguleiki á að senda á mjög einfaldan hátt • Bókin sem þú tókst frá var að koma á safnið þitt • Að hvert safn geti sent út tölvupósta út úr kerfi varðandi viðburði, opnunartíma og þessháttar. Annað sem þarf að hafa í huga: • Ábyrgðarmaður fái afrit af öllum pósti • Senda allar tilkynningar bæði í tölvupóst og setja boð á vef/mínar síður • App : push notification • Fylgja tækniþróun og vera þar sem lánþeginn er	3
Aðgangur starfsmanna að útlánasögu	
Aðgangur starfsfólks bókasafna að útlánasögu er æskilegur til að geta veitt betri þjónustu fyrir • Eldra fólk • Sjókassar • Stofnanir • Bókin heim Hvers vegna þurfa starfsmenn að vera með aðgang að útlánasögu? Um getur verið að ræða eldra fólk sem kann ekki að fara í tölvu og sjá sína útlánasögu sjálf, en vill þó vita hvort það var búið að taka þessa bók áður. Sjókassar, leikskólar, stofnanir og bókin heim. Á þeim söfnum þar sem boðið er upp á þessa þjónustu, er gott að mismunandi starfsmenn geti tekið að sér að setja í kassana og lánþegar þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að fá alltaf sömu bækurnar. Hægt að útbúa sérstakt form þarf sem einstaklingar veita safni rétt til að hafa aðgang að útlánasögu. Notendur ættu að geta deilt upplýsingum um útlánasögu með hvor öðrum sé þess óskað. Lánþegi A gæti þá verið með aðgang að útlánasögu lánþega B. Þægilegt fyrir hjón sem sækja bækur fyrir hvort annað. Athugasemd: Það vantar kerfi til að halda utan um heimsendingarþjónustu. Hugsanlega mögulegt að samþætta við nýtt bókasafnskerfi.	2



<i>Staðbundnar lánþegaupplýsingar</i>	
Hvert safn hafi stjórn á sinni lánþegaskrá Staðbundnar upplýsingar eins og netföng, heimilisföng (aðsetur), skrifstofur starfsmanna háskóla verða að vera eign hvers safns og hvert safn hafi stjórn á sínum upplýsingum. Óásættanlegt að söfn þurfi að aðlaga sitt verklag að öðrum söfnum, t.d. varðandi sektir. Ef hámarkssekt á einu safni er lægri en á öðru þá stoppar það útlán þar, þetta á kannski sérstaklega við í grunnskólum þar sem eru ekki sektir en börnin eru svo lánþegar á almenningubókasöfnum þar sem geta verið sektir á börn. Söfn eiga ekki að sjá lánþega annarra safna og þau ættu ekki heldur að þurfa að laga sig að reglum annarra safna. Það má alls ekki vera hægt að endurnýja eintök sem eru í eigu annarra safna. Loka meira á milli safna	3
Það ætti að vera erfiðara að breyta óvart upplýsingum hjá lánþegum í öðrum söfnum, t.d. gildistíma á skírteinum. Gott væri ef það kæmu upp viðvörunargluggar, ef það er verið að breyta einhverju sem hefur áhrif á önnur söfn. t.d. netföng.	3
Viðvaranir Viðvaranir komi frá kerfi þegar við á t.d. þegar bók er skilað í röngu safni, mikilvægt að komi fram um hvað viðvörunin snýst, t.d. sektir, útrunnið kort, pöntuð bók. Viðvaranir verða að sjást og heyrast í útlánaborði og í sjálfsafgreiðsluvélum. Gott væri ef það kæmu upp viðvörunargluggi þegar einhverju er breytt sem hefur áhrif á önnur söfn. t.d. netföng. Það ætti að vera erfiðara en nú að breyta óvart upplýsingum hjá lánþegum í öðrum söfnum eins og til dæmis gildistíma á skírteinum.	3
Staðbundnar netfangaupplýsingar Lánþegar ættu að geta valið hvaða netföng bókasöfn nota þegar þau senda tilkynningar í tölvupósti ef viðkomandi er með fleiri en eitt netfang skráð og stjórnað því hvaða netfang er notað hvenær. Það vilja t.d. ekki allir lánþegar að póstur frá almenningubókasöfnum fari á netfang sem er gefið upp á skólasafni (framhaldsskóla/háskóla...)	3



Endurskoðun á lánþegastöðum Kerfið þarf að bjóða upp á margskonar lánþegastöður. Heiti á lánþegastöðunum á að vera gagnsætt. Lánþegastöður á að samræma þannig að þær séu einkvæmar fyrir kerfið sem heild. Til dæmis: Nemandi HÍ og Nemandi HA væri hægt að sameina í Nemandi á háskólastigi Frítt og Gjaldfrjálst gæti verið undir sömu stöðunni Starfsmenn ætti að vera notað fyrir Starfsmenn alls staðar Kennari ætti að vera notað fyrir Kennara í öllum skólum, þarf ekki að flokka niður á hvern skóla, eða stofnun. Þá væri hægt að nota Lánþegategund til þess að flokka nánar. Ekki ætti að þurfa að nota Lánþegategund til þess að flokka kyn, þar sem þær upplýsingar eru tengdar í Víðværum upplýsingum um þjóðskrá. Möguleiki á að yfirskrifa ákveðnar upplýsingar til frambúðar, hvaða upplýsingar gæti þurft að yfirskrifa til frambúðar þannig að þjóðskrá geti ekki yfirskrifað þær aftur í kerfinu? T.d. kyn? Hér gæti samt þurft að hafa í huga lagalegar takmarkanir, t.d. vegna aldurs. Er þörf á því að hafa þennan möguleika, ef tenging við þjóðskrá verður uppfærð daglega? Er það ekki í valdi lánþegans að fá þessu breytt í gegnum þjóðskrá til þess að uppfæra þetta í öllum kerfum í einu? Þetta eru þá víðværar lánþegaupplýsingar eins og staðan er í dag. Gefinn er möguleiki á því að nota annað nafn en í þjóðskrá td. Jón Gnarr. Í núverandi kerfi væri hægt að nota ávarp.	1
Kyngreining lánþega Nýtt bókasafnskerfi þarf að geta: a) Skilgreint kyn lánþega b) Tekið við auknum upplýsingum um kyn (fleiri en 2 kyn) ef þjóðskrá bætir sína skráningu	2
Sektir og hámarksskuld Mikilvægt er að sektir í einu safni hafi ekki áhrif á útlán í öðru og stoppi ekki lán, t.d. milli skóla og almenningssafna. Kerfisleg uppsetning kerfisins ræður þessu í dag.	3
Skírteini aðgengilegt í símanum (App) Það ætti að vera nóg að auðkenna sig í gegnum app en ekki vera með bókasafnsskírteini eða kennitölu og lykilorð. Væri hægt að skanna strikamerki kortsins, af símanum í bókasafnskerfið?	1
Loka meira á milli safna Söfn eiga ekki að sjá lánþega annarra safna og þau ættu ekki heldur að þurfa að laga sig að reglum annarra safna. Það má alls ekki vera hægt að endurnýja eintök sem eru í eigu annarra safna.	3

Óásættanlegt að söfn þurfi að aðlaga sitt verklag að öðrum söfnum, t.d. varðandi sektir. Í dag lenda grunnskólasöfnin í vandræðum þegar þau eru í safnahóp með almenningabókasöfnum.	
Mörg og löng netföng Það þarf að vera pláss fyrir mörg og líka löng netföng. Skólar eru með sérstök netföng fyrir nemendur og það er nauðsynlegt að hafa þau inni ásamt almennum netföngum (t.d. Gmail).	3
Tenging við nemendakerfi Tenging við nemendakerfi (Mentor, Inna, Uglu..) Nemendur geti skráð sig inn í Mentor/Innu/Uglu og þaðan tengst bókasafninu sínu og séð útlánastöðu. Mætti vera tengill á innskráningarsvæðinu sem færir viðkomandi yfir í bókasafnskerfið. Sækja nemendaskrá beint í nemendakerfi Það þarf að vera hægt að sækja nemendaskrár beint úr Mentor / Innu / Uglu / Canvas / MySchool til þess að hlaða inn í kerfi og auðvelda þannig að margir nemendur séu virkjaðir í einu sem notendur í kerfinu. Í dag er verklagið þannig að skólasafn hefur samband við nemendaskráningu og fær í hendur Excel skjal sem fullnægir kannski ekki kröfum kerfisins til að hlaða því beint inn. Safnið þarf þá að lagfæra skjalið, senda til Landskerfis, jafnvel þarf að laga skjalið meira til að hægt sé að nota það og Landskerfi hleður skjalinu að lokum inn í kerfið og virkjar lánþegana í réttu safni. Þetta ferli þarf að einfalda. Uppflettitinging á milli kerfa Það þarf einnig að vera til staðar tenging milli kerfa þannig að sé hægt að fletta nemendum upp í Innu/Uglu og virkja í staðbundnum upplýsingum hvers safns. Með því móti er hægt að staðfesta að lánþeginn sé nemandi og auðvelda að virkja nýja nemendur sem notendur í bókasafnskerfinu í beinu framhaldi.	3
Námsbókasafn	
Það skiptir lykmáli að samþætta nemendakerfi og námsbókasafn. Starfsumhverfi nemenda og háskólakennara eru nemendakerfin og ættu námsbókasafnið og leitir.is að vera aðgengileg þaðan. Staðan í dag er að aðeins Landsbókasafn notar námsbókasafnpátt Gegnis kerfisins en aðrir háskólar og jafnvel framhaldsskólar gætu nýtt sér námsbókasafns möguleika. Helstu atriði: - Nemendur geti skráð sig inn í námsbókasafn í gegnum nemendakerfi með „single sign on“. - Tenging milli leslista kennara/kennsluskrár og bókasafnskerfis, bæði fyrir prentað efni og rafrænt (Hong Kong - Moodle). - Hægt að halda saman á leslista fyrir hvert námskeið, bæði fyrir prentað efni og rafrænt. - Hægt að taka út lista um hvaða námskeið eru á námsbókasafni.	3



- Breyta staðsetningu og lánstíma á prentuðu efni í hillu fyrir hvert námskeið. - Aðgengilegri staðsetning á eintaki, nú birtist staðsetning 1 en það er aukasmellur til að sjá námskeiðshilluna (staðsetning 2). - Nemendur geti séð leslista hvers námskeiðs á Námsbókasafni á vef. - DVD diskar á námsbókasafni eru aðeins til útláns fyrir ákveðinn hóp lánþega. Lbs er með útprentaðan lista af þeim lánþegum. Æskilegt væri að geta breytt lánþegastöðu til að gefa þessa ákveðnu heimild. - Sambætting við önnur kerfi/vefi s.s. Áttavitann væri æskileg. Spurning um útfærslu (Libguide).	
Tölfræði	
- Tölfræðiupplýsingar á vef Landskerfis bókasafna eru góðar, má ekki missa þær. - Nauðsynlegt að söfn geti dregið út lista og tölur úr kerfinu eftir mismunandi forsendum, sem dæmi lánþegar með frítt skírteini.	2
Lánþegar – þjónusta á vef	
Parfir	Vægi
Útlánaaðgerðir	
Leggja inn pöntun um heimaþjónustu Lánþegi geti sjálfur lagt inn pöntun um heimaþjónustu. Þyrfti að geta hlaðið upp skjölum sem staðfesta að hann eigi rétt á heimaþjónustu ef þarf að uppfylla ákveðin skilyrði.	1
Endurnýjun Lánþegi geti sjálfur endurnýjað gögnin sín. Geti valið hvað eigi að endurnýja, geti endurnýjað í öllum söfnum sem hann er með gögn, eftir því sem söfnin gefa heimild fyrir því að það megi á vef.	3
Frátektir Lánþegi geti sjálfur tekið frá gagn á vef og geti greitt fyrir það í þeim tilvikum sem það kostar. Lánþegi geti í frátektinni beðið um að fá gagnið sent í annað útibú. Söfn stilli hámarksfjölda frátekta. Lánþegi fái tilkynningu með sms/tölvupósti/push notification þegar gagnið er aðgengilegt fyrir hann.	3
Millisafnalán Lánþegi pantar millisafnalán á leitarvefnum – (beiðni afgreidd í kerfinu og starfsmaður staðfestir beiðnina). Millisafnalán innan Gagnis samstarfsins. Best væri fyrir lánþegann að ekki yrði gerður greinarmunur á frátekt og millisafnaláni innan Gagnis samstarfsins.	3

Millisafnalán utan Gagnis samstarfsins. Beiðni um lán á efni sem ekki finnst í Gagni. Lánþeginn þarf að fylla út eyðublað með helstu upplýsingum. Beiðnin meðhöndluð í millisafnalánabætti kerfisins. Skynsamleg skilgreining samstarfssafna. Til að lágmarka kostnað á lán á milli safna í Gagnis samstarfinu þarf að skilgreina samstarfssöfn þar sem mögulegt er að takmarka kostnað á hverju láni.	
Útlánasaga Heildstæð útlánasaga. Kerfið þarf að geta haldið utan um heildstæða útlánasögu á netinu, þ.e.a.s. bæði hefðbundin og rafræn útlán. Sambætta útlánin við önnur útlánakerfi eins og Rafbókasafnið. Flokka útlánasögu eftir titli, höfundi, dagsetningu og safni.	2
Samskipti við lánþega	
Samskiptakerfi við lánþega Bókasafnsspjallkerfi fyrir allt landið. Þannig að hægt sé að skipta vöktum á milli hvaða bókasafns sem er, einhver einhversstaðar á landinu getur verið á vaktinni. Fyrir hvert safn fyrir sig, Hægt sé að tengja sína lánþega við spjallkerfi þegar þeir eru skráðir inn á vefinn.	1
Bókasafns App Kerfið verður að geta unnið með appi, þannig að hægt sé að hanna það sérstaklega.	1
Skilaboð til lánþega sjáist við innskráningu á vef Að það sé áberandi að lánþegi eigi skilaboð til sín, jafnvel að það séu poppupp gluggar.	3
Bókun lesherbergja / skápa / hópvinnuherbergja • Herbergi • Tölvur • Fjöltengi • Heyrnatól, hleðslutæki • Önnur tæki Sambætting við önnur bókunarkerfi? Væri gott að geta tengt bókanir á „auka hlutum og munum“ við lánþegaskrána. Það er spurning með hópvinnuherbergi því þar eru margir einstaklingar en bara einn skráir sig. Landsbókasafn hefur 4 hópvinnuherbergi, hægt að bóka í 4 tíma í senn, viku fram í tímann, ókeypis. Er núna bókað á vef. Engin skilyrði.	1

Landsbókasafn hefur 28 lesherbergi, bókað að uppfylltum ákveðnum skilyrðum (aðallega masters- og doktorsnemar), mánaðarleiga, kostar og biðlistar. Er núna sótt um á vef, umsókn berst í tölvupósti til starfsmanns. Undantekning 2 herbergi ætluð fötluðum, annað notað sem 2 manna hópvinnuherbergi aðeins bókað samdægurs ef ekki upptekið. Landsbókasafn hefur 150 skápa, skilyrði að eiga bókasafnsskírteini, ókeypis en tryggingagjald fyrir lykil. Skápur skráður í athugasemdum á bókasafnsskírteini. Undantekning 20 skammtíma skápar. Dæmi: Lánþegi skráir sig inn á vef. Getur pantað skáp á vefnum ef hann á gilt skírteini, kort með lausum skápum. Sækir svo lykil á þjónustuborð og greiðir tryggingagjald. Bókun í áhorf/hlustun á mynd og hljóðefni. (Tenging við hljodsafn.landsbokasafn.is).	
Umsagnir, stjórnugjöf og fl.	
Stjórnugjöf Það þyrfti að vera hægt að virkja notendur á auðveldan hátt til að gefa umsagnir og stjórnugjöf. Það væri t.d. mögulegt að biðja fólk um að gefa stjórnur þegar efni er skilað í sjálfsafgreiðsluvélum. Ítarefni Auðga gögnin með upplýsingum frá öðrum miðlum, t.d. ▪ Bókmenntir.is ▪ Tónlistarvefjum Samtenging bókfræðiupplýsinga og verkefna í skólastarfi Draumurinn er að vera með stjórnugjafir og umsagnir eins og á Rafbókasafninu, Amazon, Good Reads, Librarything. Spurning er bara hvernig virkjum við lánþegana okkar til að fjalla um íslenskt efni.	1
Heimildavinnsla	
Hillan mín þarf að vera hægt að prenta út lista. Hægt að prenta út hluta af listanum og jafnvel getað hakað í og prentað ákveðið. Heimildaskrá þarf að vera auðvelt að færa yfir í heimildaskrá. þarf að vera auðvelt að raða upp og plús ef hægt væri að velja uppröðun, t.d. eftir flokki, stafrófsröð eða hvenær vistað. Heimildaskráningarforrit • Vantar fleiri staðla, t.d. Vancouver og íslenskt apa • Passa upp á uppfærslu á stöðlum • Núna ruglandi/óskiljanlegt fyrir notanda að velja viðeigandi stafasett þegar fært er yfir í heimildaskráningarforrit.	3

• Meira áberandi • Einfaldara Athugasemd: Það er flækjustig fyrir notandann að fá ekki staðsetning/frátektir flipann í tímaritsgreinar og bókakaflar og þurfa að fara í nánar til að smella þar á tenglar og fá þá loks staðsetning/frátektir flipa og þurfa að smella á hann til að sjá staðsetningu eintaks.	
Lánþegaskírteini	
Endurheimt lykilorð Oft gleymast lykilorð og hvað er þá til ráða? Best væri ef lánþegi gæti sjálfur endurstíllt lykilorð. Upp kæmi valmöguleiki um að endurstílla lykilorð, lánþegi skráir inn netfang sem er þá þegar skráð í gagnagrunni, fær í framhaldi sent nýtt lykilorð á netfangið og skráir sig inn í kerfið og breytir lykilorði í eitthvað sem notandinn á auðvelt með að muna. Lánþegar stofni sig sjálfir Hentugt er að lánþegi geti stofnað sig sjálfur. Best er að tengjast Island.is svo gervinotandi sé ekki stofnaður, skráning með auðkenningu takmarkast við að viðkomandi sé skráður í Þjóðskrá Íslands. Skref sem ekki er hægt að fara framhjá eins og netfang Ekki er hægt að klára skráningu eða gera skráningu virka nema með því að fylla út netfang. Staðfesta upplýsingar með að slá aftur inn netfang. Staðfesta þarf netfang með skráningu aftur í aðskildan reit. Staðfesting með Island.is. Best er að staðreyna notanda þegar skráning er framkvæmd annað hvort með því að skrá sig inn á Island.is eða skráning er staðreynð við Island.is. Staðfesting auðkennis í síma (SMS) Að skráningu lokinni fær lánþegi sms skilaboð í síma sem staðfesta hvort skráning hafi tekist eða ekki. Gildistími skírteinis Skírteini þarf að hafa afmarkaðan skilgreindan gildistíma. Gildistími hvers skírteinis þarf að sjást. Gildistími þarf að vera prentaður á skírteinið ef prentuð skírteini verða notuð. Gildistími skírteinis þarf einnig að sjást í persónuupplýsingum notanda í kerfi. Lánþegar geti breytt sínum upplýsingum á vef Lánþegar eiga að geta opnað skráningarupplýsingar sínar og breytt að ákveðnu marki s.s notendanafni, símanúmeri, heimilisfangi, netfangi og fl. Lánþegar geti sett inn mynd auðveldlega sjálfir. Lánþegar ákveði sín eigin notendanöfn sjálfir Lánþegar verða að velja nýtt notendanafn sem byggir ekki á kennitölu þegar þeir skrá sig inn í kerfið í fyrsta sinn. (Þetta nafn á ekki að tengjast upprunanafni eða skráðu nafni í kerfið og auðvitað heldur ekki kennitölu).	3

Draga úr notkun kennitölu á vef Ekki verður gerð krafa um kennitölu vegna skráningar. (Kennitala er enn notuð sem helsta auðkenni td. Island.is). Nemendakerfi HR notar ekki kennitölu og notar þess vegna ekki Island.is. Áminning um að athuga hvort að persónuupplýsingar séu réttar Við skráningu þarf að samþykka að persónuupplýsingar séu réttar (ef innskráning er tengd við Island.is þá ætti það að gerast sjálfkrafa. Netfang Nauðsynlegt er að skrá netfang. Það ætti að vera hægt að skrá fleiri en eitt netfang og fyrsta netfangið væri þá (aðal)netfang. Símanúmer Símanúmer þarf að skrá og möguleiki til að skrá fleiri en eitt. Eins og Google Allt flæði og nálgun í skráningu og notkun nálgist „Google“ - einföld og skýr framvinda.	
Innskráning	
Innskráning fyrir börn Börn munu ekki nota rafræn skilríki og því þurfa þau að nota hefðbundin notendanöfn og lykilorð.	3
Forsendur innskráningar er að lánþegi skrá sig inn einu sinni og fái aðgang að öllum þjónustum sem bókasafnið veitir eins og leitir.is, Rafbókasafnið, séráskriftir tímarita o.s.frv. Lánþegi á einnig að geta skráð sig inn frá ólíkum vefgáttum og fengið fullan aðgang að því sem hann hefur réttindi til að nota. „Single sign on“ Það á að vera hægt að skrá sig inn í kerfið með „single sign on“. Auðkenningarkerfi Ýmis auðkenningarkerfi eru í notkun og einnig þarf að vera mögulegt að skrá sig með rafrænum skilríkjum með lykilorð eða í síma ▪ Rafræn skilríki: ▪ Island.is ▪ Skilríki.is ▪ Rafrænt skilríki í síma Tenging við nemendakerfi Nauðsynlegt er að hafa tengingu við helstu nemendakerfi og veita hnökralausar þjónustur milli þeirra og kerfisins. Helstu kerfi eru: ▪ Uglá (HÍ, HA, LHÍ, HH) ▪ Canvas kerfið (HR)	3



- MySchool (Bifröst og Listaháskólinn) - Mentor (Grunnskólar) - Inna (Framhaldsskólar) Auðkenningarkerfi Á markaði eru fjölmörg auðkenningarkerfi, hér eru nokkur dæmi um kerfi og hugtök: - Shibboleth - Federated authentication - EduGAIN - er „federated authentication“ þjónusta fyrir menntastofnanir og rannsóknarstofnanir - Oauth2	
Sambætting við aðrar þjónustur / single sign on	
Það er nauðsynlegt að sambætta allar þjónustur bókasafnanna við leitarvefinn með „single sign on“ - Rafbókasafnið - ELib - Séraskriftir háskólanna	3
Greiðslur á vef	
Stofna lánþegaskírteini / lánþegaheilmild Að hægt sé að greiða fyrir skírteini á vef, skírteini stofnast þannig sjálfkrafa og er sent út rafrænt. Að lánþegi fái þá sitt GE númer sent eða afrit af rafrænu skírteini sem hægt er að nota í stað þess að nota plastskírteini. Endurnýjun skírteina Sama gildir um endurnýjun skírteina. Frátektir Að hægt sé að greiða fyrir frátektir á vef. Að söfn geti þá sett inn stillingar fyrir það hvort það sé greitt fyrir frátektir eða ekki. Að hægt sé að taka frá eintök á vef, möguleiki á því að taka frá þótt svo að eintök séu í hillu, einhver söfn vilja bjóða upp á það.	3
Skuldir vegna vanskila Lánþegum finnst oft óþægilegt að starfsmenn (á kannski sérstaklega við á minni stöðum) viti hvað þeir skuldi og séu að rukka þá. Betra að geta gert upp skuldir sjálfur. Skuld greidd að hluta Sama á við hér. Stundum á fólk kannski 2.000 kr. til að greiða upp í 5.000 kr. skuld en getur ekki borgað allt í einu. Eins vill fólk kannski borga 500 kr. sem það skuldar í Hafnarfirði, en þarf að ræða betur 4.000 krónurnar sem það skuldar í Mosfellsbæ.	3
Prentun / skönnun / ljósritunarkort	



Að hægt sé að greiða fyrir eða kaupa inneign fyrir prentara, ljósritun og skönnun. Að möguleiki sé á því að hægt sé að "fylla á ljósritunarkort". Útlánagjöld Útlánagjöld, t.d. fyrir DVD. Þau söfn sem eru með á útlánagjöld fyrir dvd bjóði upp á að sé hægt að greiða og sækja. Millisafnalán Notendur ættu sjálfir að geta pantað millisafnalán og greitt fyrir þau á netinu. Athugið að skuld vegna millisafnalána verður til seinna í kerfinu þar sem það þarf að sannreyna hvort að yfir höfuð sé mögulegt að uppfylla beiðnina.	1
Aðgengi foreldra/forráðamanna að útlánum barna	
Foreldrar/Forráðamenn ættu að hafa aðgang að upplýsingum um það hvort börn undir 18 ára aldri eru með gögn í láni þegar þeir skrá sig inn í bókasafnskerfið. Báðir foreldrar eiga að hafa aðgang að þessum upplýsingum óháð búsetu og eitt sem hægt væri að gera til að tryggja jafnan aðgang umgengnisforeldra og lögheimilisforeldra er að gera eins og Tryggingastofnun, þar sem lögheimilisforeldri getur gefið umgengnisforeldri leyfi til að sjá allar upplýsingar er varða barnið. Þegar einstaklingur er orðinn 18 ára ætti hann að detta sjálfvirk út hjá foreldri/forráðamanni Gott væri að það kæmi fram hvort gögn eru komin í vanskil og hægt væri að auðkenna það t.d. með rauðu lettri. Foreldrar ættu að geta endurnýjað lán úr sínum aðgangi frekar en að þurfa að skrá sig inn að aðgang barnsins til að endurnýja. Sjá mynd í viðauka.	2

Samantekt

Niðurstöður úr þælingum og vinnu sérfræðihóps um lánþega kristallast í tveimur megin þáttum. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að hvert safn hafi sína eigin lánþegaskrá og þurfi ekki að aðlaga verkferla að öðrum söfnum. Í öðru lagi þarf samþætting við önnur kerfi að vera auðveld og einföld.

Vinna sérfræðihópsins gagnaðist vel við að varpa ljósi á annmarka kerfisins og hvaða þættir það eru sem þarf að hafa í huga við þróun nýs kerfis. Bókasöfnin sem nota kerfið eru mismunandi og þarfir þeirra ólíkar. Kerfið á að geta aðlagast söfnunum en söfnin eiga ekki að þurfa að aðlagast öllum annmörkum kerfisins. „Computer says no“ á ekki að vera svar sem okkur finnst viðunandi að fá frá kerfinu.

Að kafa svona ofan í virkni kerfisins fékk okkur til að horfa á kerfið sem fyrir er með gagnrýnum augum og kveikti áhuga á að skapa kerfi sem sinnir þörfum notenda og starfsmanna á auðveldan og skýran hátt.

Að fá tækifæri til að kynnst hópi kollega frá mismunandi stöðum og ólíkum söfnum var virkilega áhugavert og gaf okkur nýjan grundvöll til samvinnu.


Viðaukar

1. Hugarflugskort
 - a. Lánþegaskrá
 - b. Þjónusta á vef
2. Notendadæmi : Aðgangur foreldra að útlánupplýsingum barna undir 18 ára aldri
3. Self-service options for patrons, based on usage of APIs in library system
4. Kvittun fyrir útlánum / stöðu
5. Að sjá stöðu í útlánum / stöðu


Hugarflugskort sérfræðihóps um lánþega

Í sérfræðihóp um lánþega voru gerð tvö aðskilin hugarflugskort. Annars vegar fyrir lánþegaskráa og hins vegar fyrir þjónustur á vefjum (leitir.is og aðrir vefjir).

Hugarflugskort: Lánþegar – lánþegaskrá



Hugarflugskort: Lánþegar – þjónusta á vef



Notendadæmi 1:

Aðgangur foreldra að útlánaupplýsingum barna undir 18 ára aldri

Foreldrar/Forráðamenn ættu að hafa aðgang að upplýsingum um það hvort börn undir 18 ára aldri eru með gögn í láni þegar þeir skrá sig inn í bókasafnskerfið.

Báðir foreldrar eiga að hafa aðgang að þessum upplýsingum óháð búsetu og allt sem hægt væri að gera til að tryggja jafnan aðgang umgengnisforeldra og lögheimilisforeldra er að gera eins og Tryggingastofnun, þar sem lögheimilisforeldri getur gefið umgengnisforeldri leyfi til að sjá allar upplýsingar er varða barnið.

Þegar einstaklingur er orðinn 18 ára ætti hann að detta sjálfvirk úr hjá foreldri/forráðamanni.

Gott væri að það kæmi fram hvort gögn eru komin í vanskil og hægt væri að auðlenna það t.d. með rauðu letri.

Foreldrar ættu eftir vill að geta endurnýjað lán úr sínum aðgangi frekar en að þurfa að skrá sig inn að aðgang barnsins til að endurnýja.

Reikningar

18027-4123	Andrea Ábansdóttir	0 bókur í lán	
20100-3025	Ísar Logi Guðjónsson	12 bókur í lán	
20100-3395	Kristinn Snær Guðjónsson	12 bókur í lán	
22039-2736	Talla Mjól Guðjónsdóttir	0 bókur í lán	
18107-2480	Þjörgvin Hrafnar Únnarsson	0 bókur í lán	
20409-0348	Þorger Úlfar Únnarsson	1 bók í lán	

Reikningar

18027-4123	Andrea Ábansdóttir	0 bókur í lán	
20100-3025	Ísar Logi Guðjónsson	12 bókur í lán	
20100-3395	Kristinn Snær Guðjónsson	12 bókur í lán	
22039-2736	Talla Mjól Guðjónsdóttir	0 bókur í lán	
18107-2480	Þjörgvin Hrafnar Únnarsson	0 bókur í lán	
20409-0348	Þorger Úlfar Únnarsson	0 bókur í lán	

Notendadæmi 2:

Self-service options for patrons, based on usage of APIs in library system

Frá samstarfi Luxemburg, Leuven og Landskerfis

Self-service options for patrons from library websites or our Primo discovery platform are in a very high demand in Iceland. In order to make those possible the library system needs to offer a variety of APIs for patron related activities and circulation. At first glance a lot seems to be missing. This brings up questions in regard to the openness of the library system.

a) Example 1– online renewal of a library card and payment on a per institution/library basis

Patrons in most libraries in Iceland pay an annual fee for their library card. Thus the library cards need to be renewed on an annual basis with an accompanying payment of the annual fee within the particular library. This is currently not possible from our discovery platform Primo (leitir.is). The Aleph system does not offer an API for this. Alma does not support this either, Ex Libris suggested the creation of an idea, see

<http://ideas.exlibrisgroup.com/forums/308173-alma/suggestions/18463276-make-it-possible-for-patron-to-automatically-renew>

b) Example 2 – Patron self-registration on a per institution/library basis

As described in <http://ideas.exlibrisgroup.com/forums/308173-alma/suggestions/13726371-patron-self-registration>: Make Patron Self Registration possible via Primo. This feature would need to be configurable by libraries and able to be turned off altogether by the library. Configuration options could include: what data elements are required, whether new accounts need to be reviewed before they are active.

c) Example 3 – Online payments of debts on a per institution / library basis

This is currently possible up to a certain extent. However it looks difficult to allow for online payments of debts in a single library (often patrons have library accounts in several libraries in our consortium).

d) Example 4 – Displaying of library card info in discovery platform

Aleph does not support the displaying of a library card number, expiration date for each library etc. in the discovery platform. There is no API existing for this usage. This is not at all helpful for the patron. Are there APIs in Alma for those things?

e) Example 5 – request a new password

It should be possible for patrons to request a new password when the old one is lost/forgotten.

Notendadæmi 3:

Selfcheck machines and SIP2 : limitations of the protocol when returning items with holds

Frá samstarfi Luxemburg, Leuven og Landskerfis

A patron goes to an SC machine at a small library branch to return his items. One of the items has a hold which triggers an alert, but the notice that pops up on the screen says only: "Please put this item into the red box". The alert does not specify the reason for the notice because there are more than one set of circumstances that can trigger the alert and the SIP2 protocol has no means to differentiate between them.

The SIP2 message that Aleph sends to the SC machine for each returned item is Checkin Response 10. The alert is only one character (Y/N) in pos. 4 in the message header:

```
<ACS response>
  <command>10</command>
  <header>1YNY20170524 111520</header>
  <AO>GEGNIR</AO>
  <AA>GE00176222</AA>
  <AB>22212679</AB>
  <CK>001</CK>
  <AJ>Stafakarlarnir / Bergljót Arnalds ; teikningar Frédéric
Boullet.</AJ>
  <AQ>GARAA</AQ>
  <AF>Return performed - please put this item into the red
box.</AF>
  <AG>Return performed - please put this item into the red
box.</AG>
</ACS response>
```

In Aleph, the alert is activated in the following situations:

- item has active hold request in table Z37
- item has Circulation note in table Z30
- item sublibrary is not Home Library for Self check station (in tab_attr_sub_library)

The alert does not activate the Holds process in Aleph for the items with holds. They have to be manually returned in the circulation client so the hold becomes active for the next patron. Also, there is no guarantee that the patrons obey the instructions on the screen and sort the returned items into different boxes. Changing the wording of the screen message would not solve anything. This means that in reality the library staff must manually return ALL returned items in the circulation client to be sure that they catch all items that have holds and circulation notes. The library does not have an automated sorting system for returns.

Notendadæmi 4:

Kvittun fyrir útlánnum / stöðu

Kvittun fyrir útlánnum / stöðu

Það þarf að vera hægt að sjá frá hvaða bókasafni gögn eru þegar lánþegi fær kvittun úr sjálfsafgreiðsluvél.

Eins og staðan er í dag er bara strikamerki og skiladagur en ekki hvaða safn á gögnin. Það er ekki hentugt þar sem margir eru notendur á fleiri en einu safni.

Öll útlán

Hekluð - skrif fyrir skæf / Sally Harding , íslensk
þýðing María Þorgeirsdóttir og Sigrún

13608436
02.11.2017

Hin ótrúlega þilgáttuganga Hinnólds Fry / Rachel
Joyce ; í íslenski þýðingu Ingunnar Sævar
23490063
17.10.2017

Héðólinn á Akureyri

The hundred's tale / Margaret Atwood
13612114

04.10.2017

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Stelpur gefa allt - íslenskt skóla- og fjölskyldu-
fyrirbrotssíðingur, fræðslu- og jökla- og
13610882
04.10.2017

Antabókasafnið á Akureyri

Notendadæmi 5:

Að sjá stöðu í útlánum / skilum

Að sjá stöðu í útlánum/skilum

Það er nauðsynlegt að geta farið í „Stöðu“ þegar búið er að fá lánað, án þess að þurfa að fara aftur á upphafsskjá og setja inn upplýsingar um lánþega og lykilorð aftur.



Nr.	Gagn	Máladagur
5	Kóðinnorðin / Kati Hekklapóth; Sigríður Karlsson þýdd.	02.11.2017
4	Skráðinorðin / Sigríður / Guðrún frá Lundi.	02.11.2017
3	Durkennarinn segir alla / Fleming Mackell; Þjótla Gísladóttir þýdd.	02.11.2017
2	Á skírnunni skólan / Guðrún frá Lundi.	02.11.2017
1	Litlu eldri um índ / Karín Fossar; Þorsteinn Gunnarsdóttir þýdd.	02.11.2017

Stöða Lokid / Kvittun

Staða

- Velur á vél BBS að sjá stöðu og skuld, endurnýjað þá er hnappur beint í útlán og þá getur þú lánað þér.
- **Lb skoðar**

Lokaskýrsla: Sérfræðihópur um lýsigögn

Nóvember 2017

Inngangur

Undanfarin ár hefur verið mikil undiralda og breytingar varðandi umsýslu bókfræðigagna á heimsvísu. Krafa um sjálfvirkni og samnýtingu upplýsinga er sjálfsögð og leita bókasöfnin allra leiða til þess að draga úr tímafrekri bókfræðiskráningu. Á sama tíma hefur framleiðsla ýmiss konar lýsigagna margfaldast. Við samnýtum lýsigögn af ýmsu tagi en spurning er hvernig við getum aukið sjálfvirkni og samtímis aukið gæði gagnanna. Það þarf að horfa fram á veginn á nýtt bókfræðisnið svo sem BIBFRAME. Staðlar leika stórt hlutverk því án þeirra er ekki hægt að samnýta upplýsingar.

Markmið

Sérfræðihópi um lýsigögn er ætlað að rýna í framtíðarþarfir varðandi sjálfvirkni í vinnu við lýsigögn, nafnmyndastjórn, notkun staðla og fleira sem lýtur að umsýslu bókfræðiupplýsinga. Skilgreina þarf þarfir sem lúta að meðhöndlun lýsigagna, hvort sem um er að ræða hefðbundna bókfræðiskráningu í MARC snið, gagnahleðslur byggðar á MARC eða gagnahleðslur sem byggja á öðrum lýsigagnastöðlum. Huga þarf að samþættingu og/eða samnýtingu bókfræðiupplýsinga frá öðrum kerfum. Huga þarf að nýjum miðlunarleiðum svo sem streymi kvikmynda og tónlistar.

Verkefni hópsins í meginráttum:

- Staðlar
- Gagnahleðslur og fix
- Skráning í MARC-snið
- Skráning / lýsigögn fyrir óhefðbundið efni / rannsóknargögn háskólanna
- BIBFRAME
- Nafnmyndastjórnun
 - Alþjóðleg samvinna, t.d. VIAF, ISNI, Orcid
- Sjálfvirkni
- Gæðastjórnun
- Opin gögn (Linked Open Data)
- Birting lýsigagna á leitir.is eða öðrum vefjum

Markmiðið er skýrt; við viljum eiga möguleika á að hagnýta okkur alla staðla og tengjast kerfum sem stuðla að því að opna gögnin og þar með að auka sýnileika og notkunarmöguleika þeirra. Við meðhöndlun allra lýsigagna þarf að hafa í huga hvernig þau birtast endanotandanum.

Skoða þarf verkferla við skráningu og skörun við aðföng, bæði á raunefni og rafefni. Samþætting/samstarf við útgefendur og þeirra staðla (t.d. ONIX) og Opin vísindi (CRIS).

Fulltrúar

Hallfríður Kristjánsdóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Bryndís Vilbergsdóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Dögg Hringsdóttir	Landskerfi bókasafna
Magný Rós Sigurðardóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Ragna Steinarsdóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Rósa S. Jónsdóttir	Orkustofnun
Þorsteinn G. Jónsson	Amtsbókasafnið á Akureyri
Þóra Sigurbjörnsdóttir	Borgarbókasafnið

Hallfríður Kristjánsdóttir var valin formaður. Dögg Hringsdóttir var starfsmaður hópsins

Fundir

Alls voru haldnir 6 vinnufundir í sérfræðihópnum á tímabilinu 7. sept. til 26. okt 2017. Þátttakendur skiptu með sér verkum milli funda og útfærðu svo þarfagreininguna í sameiningu á vinnufundum.

Haldið var utan um fundargerðir og aðrar niðurstöður sérfræðihópsins á vef Landskerfis bókasafna <https://landskerfi.is/kerfin/nytt-bokasafnskerfi/serfraedihopar/lysigogn>



Lykilatriði

Nafnmyndastjórn

Kerfið geti hýst nafnmyndagrunn fyrir landið í heild. Breytingar í nafnmyndaskrá uppfæri bókfræðigrunn sjálfkrafa

Skráningarviðmót

Kerfið bjóði upp á einfalt og sveigjanlegt skráningarviðmót fyrir mismunandi efnistegundir og gagnasnið. Skrásetjari þurfi ekki að kunna MARC21, Dublin Core eða BIBFRAME til að geta skráð

Staðlar og gagnasnið

Kerfið styðji þá staðla (t.d. RDA, MARC21, Unicode) sem eru notaðir í dag og er fyrirsjáanlegt að verði notaðir (t.d. Dublin Core, BIBFRAME/RDF) og geti auðveldlega tengst öðrum kerfum (bæði import og export á gögnum með t.d. z39.50, OAI o.fl.)

Tölfræði og gæðastjórnun

Skýrslur og aðgangsheimildir

Greiniskráning

Kerfið ráði við tengingar á milli bókfræðifærslna

Meginmál

Vinna lýsigagnahóps við þarfagreininguna hófst með hugarflugi og vinnu við hugarkort (sjá viðauka). Hugarkortið var svo notað sem grunnur fyrir áframhaldandi vinnu.

Notkunardæmi voru skilgreind og unnin út frá þörfum sem eru einstakar fyrir okkar umhverfi. Þarfirnar voru aðallega skoðaðar frá sjónarhorni núverandi kerfis.

Þarfagreiningin samanstendur af 12 þáttum sem eru settir fram í nokkrum liðum. Sumir þeirra skarast nokkuð og gætu átt heima á fleiri en einum stað. Hverjum lið er gefin einkunn frá 1-3

1 – Gott að hafa (jafnvel hugsað sem minnisatriði til framtíðar)

2 – Æskilegt

3 – Algerlega nauðsynlegt

Þarfir	Vægi
Gagnahleðslur/fix/normalisering	
Stakar færslur Einfalda ferlið: Það sé einfalt fyrir skrásetjara að taka inn stakar færslur, sækja, fixa þær, vinna með þær og normalisera	3
Gagnapakkar - Einfalda ferlið og fækka verkum. Skrásetjari sækir pakka, marc færslur eða lýsigögn á öðru sniði, hlaði inn í prufugrunn, fixi með rútinu sem hann getur editað sjálfur. Fari eftir notendaheimildum - t.d. samvinna við íslenska útgefendur um að fá lýsigögn (ONIX?) þegar efni er keypt/skilað til safna, einnig aðrir pakkar (dæmi)	3
Macro editor Hægt að tengja kerfið við macro editor s.s. MarcEdit til að vinna með gögnin utan kerfis og hlaða þeim aftur inn.	2
Stafasett Kerfið styðji mismunandi stafasett. Séríslenskar þarfir fyrir röðun, leit og birtingu	3
Greinarmerki - Betri stjórn á greinarmerkjum – einfalda eftirávinnu þegar búið er að hlaða inn færslum - Í núverandi kerfi þurfa skrásetjarar að handvinna mikla eftirávinnu við að laga greinarmerki.	3
Nafnmyndastjórn (enn nokkrir lausir endar sem þarf að skoða - beðið eftir VIAF)	
Kerfið hýsi einn „ID based“ nafnmyndagrunn fyrir bókfræðigrunninn - þurfum nafnmynda færslur og ID stað fyrir íslenska höfunda og hugverk, útfærslur, stofnanir (þau einindi sem eru skilgreind í RDA) - Auðvelt og einfalt sé að nýskrá nafnmyndir (vinnu við nafnmyndaskráningu þarf að færa á fleiri hendur). Æskilegt að hægt sé að búa til afleidda nafnmynda færslu úr bókfræðifærslu eins og er nú í Aleph - Kerfið bjóði upp á sveigjanlegar notendaheimildir varðandi nafnmyndaskráningu - Skrásetjari geti annað hvort lagt inn umsókn um nýtt ID eða búið til ID gegnum kerfið ef það er ekki þegar til - Á ekki að þurfa að velja eina nafnmynd fram yfir aðra – heldur safna saman öllum undir einu ID – hitt er spurning um birtingu	

• Notkunardæmi frá Bibsys sem þykjast ætla að hafa nafnmyndskrána til hliðar við kerfi – vísir að einni „ID-based“ nafnmyndaskrá fyrir mörg kerfi • Nafnmyndagrunnurinn sé auðveldlega aðgengilegur (opinn) fyrir aðra (Bókaútgefendur / RÚV / SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda) og þeir geti tengst honum – e.t.v. lagt inn í hann gögn s.s. hljóðritanúmer (ISRC auðkenni) og flytjendauðkenni (IPN) • Nafnmyndafærslur sé hægt að sækja beint í gagnagrunna og þjónustur (Viaf, ISNI, Casalini Libri, OCLC, NLM). Hægt sé að sækja pakka og stakar færslur.	
Annar grunnur fyrir efnisorð og landfræðiheiti? • Skilvirkt kerfi til að taka á móti tillögum að nýjum efnisorðum sem skrásetjarar leggja inn í kerfið • Tenging við aðra orðabanka / iðorðasöfn (tenging eða töggun) sem eru opin • Tenging við landfræðiskrár t.d. Landmælingar, Árnastofnun, hnit eru skráð á einhverjum stöðum (GND - Library of Congress). Dæmi frá LC: LCCN Permalink: https://lccn.loc.gov/n80045964 HEADING: Reykjavík (Iceland) 000 01346cz a2200277n 450 001 972131 005 20150813073723.0 008 800730n azannaabn a ana 010 __ a n 80045964 z sh 85113552 034 __ d W0215901 e W0212407 f N0641855 g N0635923 2 bound 034 __ d W0215911 e W0214306 f N0641030 g N0640523 2 bound 035 __ a (OCoLC)oca00427927 040 __ a DLC b eng e rda c DLC d DLC d OCoLC d DLC d WaU 043 __ a e-ic--- 151 __ a Reykjavík (Iceland) 368 __ b Cities and towns b Capitals (Cities) 2 lcsh 370 __ c Iceland 2 naf 377 __ a ice 451 __ a Reikiavik (Iceland) 451 __ a Reikjavik (Iceland) 670 __ a Reykjavik ... 1943.	
Skráningarviðmót	
Óskilgreindur

Deilisviðstákn

§a Efnisorð (NR)

700 Aukafærsla – mannsnafn (R)**Fyrri vísir**

4 Íslenskt skírnarnafn

Síðari vísir

9 Aukafærsla fyrir meðhöfund (ÍB) – ekki notað í Gegni lengur

Deilisviðstákn

§1 Íslenskt kenninafn (föður- / móður- / ættarnafn eða ígildi þess) (NR)

§7 Íslenskt miðnafn (NR)

710 Aukafærsla – stofnunarnafn (R)**Síðari vísir**

9 Aukafærsla fyrir meðhöfund (ÍB) – ekki notað í Gegni lengur

800 Aukafærsla á ritröð – mannsnafn (R)**Fyrri vísir**

4 Íslenskt skírnarnafn

Deilisviðstákn

§1 Íslenskt kenninafn (föður- / móður- / ættarnafn eða ígildi þess) (NR)

§7 Íslenskt miðnafn (NR)

Nafnmyndafærslur

100 Aðalhöfuð – mannsnafn (NR)

Fyrri vísir

4 Íslenskt skírarnafn

Deilisviðstákn

§1 Íslenskt kenninafn (föður- / móður- / ættarnafn eða ígildi þess) (NR)

§7 Íslenskt miðnafn (NR)

400 Sjá tilvísun – mannsnafn (R)

Fyrri vísir

4 Íslenskt skírarnafn

Deilisviðstákn

§1 Íslenskt kenninafn (föður- / móður- / ættarnafn eða ígildi þess) (NR)

§7 Íslenskt miðnafn (NR)

500 Sjá einnig tilvísun – mannsnafn (R)

Fyrri vísir

4 Íslenskt skírarnafn

Deilisviðstákn §1 Íslenskt kenninafn (föður- / móður- / ættarnafn eða ígildi þess) (NR)

§7 Íslenskt miðnafn (NR)

Síðast uppfært 1. mars 2013 / HG

Tekið af vef 13. nóvember, 2017

file:///C:/Users/lb.ev/AppData/Local/Microsoft/Windows/INetCache/Content.Outlook/00BD
NV73/Fylgiskjal2%20Séríslensk%20frávik%20í%20Gegni.pdf

**Fylgiskjal 3 Notkunardæmi greiniskráning****Notkunardæmi vegna greiniskráningarkafla**

Móðurlausar rafrænar færslur – / e.t.v. tvöföld greiniskráning – dæmi um – frá JHS

„Árbók Jarðhitaskólans - ritrýnt efni

Alls 766 skjöl komin nú þegar – sumt af því stök hefti (MSc-ritgerðir)

Lokaverkefni nemenda Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru gefin út í árbókinni **Geothermal Training in Iceland** _ _ _ _ .

Árbókin kemur út með árs seinkun, þannig að nú er verið að vinna með **Geothermal Training in Iceland 2016**, sem kemur út 2017. Í þessu bindi eru 34 lokaverkefni, metfjöldi.

Þegar er búið að greiniskrá hvert verkefni fyrir sig – þ.e.a.s. rafrænu skjölin hafa verið skráð, hvert fyrir sig, með tengli í gagnagrunn hjá OS.

Bókin kemur ekki út rafræn í heild sinni – er um 900 bls. – þjónar engum tilgangi að gefa hana út þannig.

Í skráningu á hverju verkefni fyrir sig kemur fram í athugasemd að það birtist á bls. Xxx-xxx í ritinu. Það er samt engin móðurfærsla til að tengja við.

Ef vel ætti að vera ætti þá væntalega að greiniskrá prentaða eintakið líka – sem þyrfti þá að gera sérstaklega

Short-course diskar Jarðhitaskólans

Alls 848 skjöl komin nú þegar

Jarðhitaskólinn heldur reglulega námskeið í þróunarlöndum um jarðhitamálefni. Þessi námskeið eru gefin úr á diskum í „ritröð“ – verið að vinna í námskeiði nr. 22.

Fyrirlestrar (papers) eru tilbúnir fyrirfram – skráðir og tengdir hver fyrir sig sem pdf-skjal (rafbók). Diskurinn kemur svo gjarnan út seinna – en allir fyrirlestrar löngu komnir inn.

Engin tenging er því í raun frá greiniskráningunni í diskinn sjálfan“

Eins og Aleph er í dag... svið 8: hér eru nokkrir reitir sem bjóða upp á fellilista-vallista, mjög handhægt.

408 Fixed length data elements (VARIABLE, not FIXED)	
Date entered on file (30-40)	3669314
Date 1 (37-40)	2016
Place of publication (18-47)	LC
Unpublished (36)	
Unpublished (37-37)	
Form of item (36)	
Type of visual material (33)	W
Language (36-37)	ENG
Cataloging source (36)	C
Type of date (36)	1
Date 2 (31-34)	141
Running text for motion pictures and video recordings (18-30)	
Target audience (33)	
Government publication (36)	
Unpublished (36-36)	
Technique (34)	1
Modified record (36)	

Marcfaerslan (nær) öll: Er hægt að notast við „felliista“ á sem flestum stöðum barna? (þegar byrjað er að skrifa í sviðið, að þá komi upp valmöguleikar strax)

- Er hægt að „sameina“ svið 41.1 og 546 (a=Tal og j=Skjátexti)?

[illegible]



Fylgiskjal 5 Innbyggð hjálpargögn

Væri líka mjög gott að sjá „preview“ af færslum, áður en þær eru vistaðar:



Titill: Bridge of spies / Fox 2000 Pictures, Dreamworks Pictures and Reliance Entertainment present in association with Participant Media and TSG Entertainment

Aðild: Spielberg, Steven, 1946- ; Charman, Matt ; Coen, Ethan, 1957- ; Coen, Joel, 1954- ; Newman, Thomas, 1955- ; Hanks, Tom, 1956- ; Rylance, Mark, 1960- ; Ryan, Amy, 1968- ; Koch, Sebastian, 1962- ; Alda, Alan, 1936- ; Sena (fyrirtæki)

Efnisorð: Myndiskar ; Bandarískar kvikmyndir ; Sögulegar kvikmyndir ; Spennumyndir

Útgefandi, ár: Reykjavík : Sena, 2016

Leikarar / flytjendur: Tom Hanks, Mark Rylance, Amy Ryan, Sebastian Koch, Alan Alda

Athugasemd: Directed by Steven Spielberg ; written by Matt Charman and Ethan Coen & Joel Coen ; music by Thomas Newman

Upphættigt útgáfuár kvikmynda: Bandaríkin, Þýskaland og Indland, 2015

Tungumál - aths.: Tali á ensku, ungversku, pólsku og tyrknesku

Skjálætti: á íslensku, ensku, ungversku, pólsku, tyrknesku, grísku, hebresku, rúmensku og slóvensku

Útdráttur: Myndin byggir á U-2 atvikinu sem gerðist árið 1960. Bandarískur lögfræðingur er ráðinn af CIA á tímum Kalda stríðsins til að hjálpa til við að bjarga flugmanni sem er í haldi í Sovétríkjunum

Lýsing: 1 myndiskur (DVD) (141 mín.).

Útgáfunúmer/ISBN: 9564746D

Notendur: Bónuð börnum yngri en 12 ára

Tungumál: Enska, Ungverska, Pólska, Tyrkneska

Verðlaun: Hlaut Óskarsverðlaun 2016 fyrir besta leikara í aukahlutverki (Mark Rylance)

Lokaskýrsla: Sérfræðihópur um umsýslu efnis

Nóvember 2017

Inngangur

Sérfræðihópi um umsýslu efnis var ætlað að skilgreina þarfir sem lúta að umsýslu efnis hvort sem um er að ræða raunefni eða rafrænt efni. Huga þurfti að innkaupum, umsjón samninga, hvernig veittur væri aðgangur að rafrænu efni og virkjun þess. Þá var hugað að notkun efnisins og tölfræði.

Í megindráttum var hlutverk hópsins að rýna og koma með tillögur um: Aðföng, bókhald / tengingar við fjársýslukerfi og birgja, tímaritahald, innheimtu og móttöku efnis, eintakatengingar, rafrænt efni (krækjuckerfi eins og SFX), Primo Central Index, rafbókaveitur, tölulegar upplýsingar og skoða ólíka verkferla eftir safnategundum.

Markmið

Sérfræðihópi um umsýslu efnis var ætlað að skilgreina þarfir sem lúta að umsýslu efnis hvort sem um er að ræða hefðbundið efni eða rafrænt efni. Það þarf að huga að innkaupum, umsjón samninga, hvernig við veitum aðgang að efninu og virkjun þess. Þá þarf að huga að notkun efnisins og tölfræði.

Hlutverk hópsins í megindráttum:

- Aðföng / innkaup
- Bókhald / tengingar við fjársýslukerfi og birgja
- Tímaritahald
- Innheimta og móttaka efnis
- Eintakatengingar
- Rafrænt efni
 - Umsjón samninga / samanburður á eign og pökkum /
 - Aðgangstýring
 - Krækjuckerfi eins og SFX
 - Hvar.is /Primo Central Index
 - Rafbókaveitur
- Skoða ólíka verkferla eftir safnategundum
- Tölulegar upplýsingar / notkun

Fólkið í þessum hópi hefur m.a. reynslu af verkferlum sem lúta að aðfangabætti Gegnis bæði hvað varðar sérefni (rit, tónlist o.s.frv.) og tímaritahald. Einnig er reynsla af umsjón með rafrænu efni bæði áskriftum Hvar.is og séráskriftum háskólanna, aðföngum og miðlun efnis frá rafbókaveitum eins og Rafbókasafninu. Útgangspunktur í vinnu hópsins var ætíð að form efnis skiptir ekki máli. Huga þarf að virkni krækjuckerfa og stórra gagnaveita eins og Primo Central Index. Hópurinn horfði til þess að hægt væri að vinna við og virkja sem flest í bókasafnskerfinu sjálfu.



Hópurinn leggur áherslu á að hann horfi á umsýslu efnis út frá sjónarmiði starfsmanna bókasafna frekar en endanotanda. Hann var þó aldrei fjarri huga meðlima hópsins. Því þarf kerfið að vera notendavænt bæði fyrir starfsmann bókasafna og endanotanda. Einfalt með fáum smellum.

Miklar breytingar hafa átt sér stað varðandi innkaup og miðlun efnis. Nú gerum við mikinn greinarmun á aðföngum og umsýslu hvort um sé að ræða raun- eða rafrænt efni. Áskorun sérfræðihópsins er að setja fram verkferla og notendadæmi sem að nýtast bæði fyrir raun- og rafrænt efni. Einnig þarf að huga að verkefnum og verkferlum hjá ólíkum safnategundum. Hvernig er umsýsla um aðföng háttað á þjóðbókasafni, háskólasafni, almenningssafni eða grunnskólasafni? Síðast en ekki síst þarf að velja upp eintakatengingum því að þeir verkferlar þurfa að vera sérstaklega einfaldir í nýju kerfi.

Eintakatenging þarf að vera einföld. Alls ekki má krefjast sérfræðipekkingar eða aukinna aðgangsheimilda. Allir eiga að geta tengt eintök. Auðvelt verður að vera að tengja mörg eintök í einu (bekkjarsett). Auka þarf sjálfvirkni, það þarf að vera hægt að úthluta mörgum strikanúmerum í einu og prenta miða fyrir mörg eintök samtímis (strikamiðar og kjalmiðar).

Notkun snjalltækja og appa verður sífellt algegnari og á að geta gert marga verkferla einfaldari og gert vinnubrögð hraðvirkari og markvissari – t.d. úti „á gólfinu“.

Kápu mynd af bók í kerfinu er skilyrði.

Fólkið í hópnum hefur í mörg ár í vinnu sinni þurft að vera að vinna í tveimur, þremur eða fleiri kerfum í einu í einstaka verkferlum. Því var það allaf efst í huga sérfræðingahópsins að nýtt bókasafnskerfi verður að einfalda öll vinnubrögð og ferðalög milli kerfa og flipa – **FÆKKA SMELLUM!**

Fulltrúar

Umsýsluhópur	
Guðrún Tryggvadóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Hafdís Vilhjálmsdóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Helga Kristín Gunnarsdóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Inga Erlingsdóttir	Borgarbókasafn Reykjavíkur
Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Þóra Gylfadóttir	Landskerfi bókasafna

Úlfhildur Dagsdóttir hjá Borgarbókasafn Reykjavíkur var ráðgjafi hópsins um rafrænar bókaveitur.

Kristjana Mjöll var valinn formaður hópsins og Þóra starfsmaður hans.

Settur var á laggirnar hópur sem fjallaði sérstaklega um rauneintök titla og vinnu með þau í bókasafnskerfinu.

**Eintakahópur**

Áslaug Þorfinnsdóttir	Bókasafn Hafnarfjarðar
Helga Jónsdóttir	Bókasafn Mosfellsbæjar
Margrét Björnsdóttir	Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur
Rósa Bjarnadóttir	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Ásdís Huld vann með eintakahópnum og var starfsmaður hans.

Fundur

Alls voru haldnir sjö fundir í umsýsluhópnum auk ræsifundar. Þá hélt eintakahópurinn tvo fundi.

Byrjað var að greina þarfirnar með hugarflugi, sjá hugarkort í viðhengi a), sem síðan varð leiðarljós fyrir áframhaldandi vinnu við þarfagreininguna.

Notendadæmi voru skilgreind og unnin fyrir sérstakar þarfir sem eru einstakar fyrir okkar umhverfi. Nálgun á hverjar þarfinar eru voru ekki aðeins skoðaðar frá sjónarhorni núverandi kerfis heldur einnig tekið á flug með hvað fólk vill fá og sjá í nýju bókasafnskerfi. Sérfræðingar hópsins gera sér fulla grein fyrir því að ekki var farið djúpt í allan þann fjölda verkferla sem rúmast innan aðfanga og umsýslu. Því gefa þeir kost á því að alltaf megi kalla eftir frekari upplýsingum og leita álits á atriðum sem falla undir aðföng og umsýslu.

Þátttakendur skiptu með sér verkum, söktu sér niður í einstök viðfangsefni og unnu þarfagreiningu og notendadæmi hver um sitt viðfangsefni.

- Helga Kristín (og Þóra) skoðuðu kröfur varðandi tímaritahald, útgáfumynstur tímarita og komuspár.
- Inga og Hafdís skoðuðu aðfangabátt, skráningu og eintök.
- Hafdís skoðaði í aðfangabætti sjóði, fjármál og tölfræði.
- Kristjana og Úlfhildur tóku fyrir listagerð í bókasafnskerfi.
- Kristjana setti fram hugmyndir um rafræn skylduskil.
- Kristjana ásamt Hallfríði Baldursdóttur lögðust yfir skylduskil á raunefni.
- Guðrún og Þóra fóru yfir hvernig vinna má heilstætt með áskriftir að rafrænum gagnasöfnum í bókasafnskerfi.

Hóparnir ræddu allar þessar hugmyndir og fleiri sem koma fram í **Þarfagreining / Kröfulýsing, Eintök og Önnur áhersluatriði** hér að neðan.

Tengill í síðu hópsins

[Landskerfi bókasafna - Umsýsla efnis](#)

- [Fundargerðir](#)
- [Notendadæmi](#)
- [Staðlar](#)

Lykilatriði



Það er samdóma álit umsýsluhópsins að þessi **5 atriði** eru lykilatriði. Lykilatriðin eru öll jafn mikilvæg að mati hópsins og raðast því einfaldlega í **stafrófsröð**.

Auðvelt verði að kalla fjölbreyttar upplýsingar út úr kerfinu á einfaldan hátt og sníða þær að þörfum starfsemi safns eða einstakra starfsmanna.

- Mikilvægt er að geta útbúið einfaldar en jafnframt mjög ítarlegar leitir í kerfinu sem veiti sérsníðnar upplýsingar fyrir það verkefni sem verið er að sinna hverju sinni.
- Hægt verði að kalla fram lista/tölfræði sem sækir upplýsingar úr mismunandi þáttum kerfisins í einni leit bæði tölfræði og lista.
- Góðir möguleikar á myndrænni framsetningu.
- Einfalt sé að fylgja efni eftir allt frá pöntun til endanlegrar staðsetningar.

Bókasafnskerfið geti tengst öðrum kerfum, sent þeim upplýsingar og fengið upplýsingar frá þeim.

- Mikilvægt er að kerfið geti fengið ýmsar upplýsingar frá mismunandi kerfum og upplýsingaveitum og hægt sé að nýta þau gögn sem skapast í kerfinu á öðrum vettvangi.
- Það geti tekið við lýsigögnum frá ólíkum aðilum s.s. MARC- færslur frá birgjum eða bókasöfnum. Kerfið geti sótt upplýsingar til vefsíðna á borð við bokmenntir.is.
- Einnig geti það sótt upplýsingar frá kerfum eins og þjóðskrá, fyrirtækjaskrá og gengisskráningu viðskiptabanka/Seðlabanka.
- Öll samskipti við birgja fari fram í gegnum kerfið, öll tölvupóstssamskipti þ.m.t. pantanir og innheimta efnis.

Eintakatengingar séu einfaldar, fljótlegar og krefjist ekki kunnáttu í skráningu eða skráningarheimildar.

- Þeir sem tengja eintök, eyða þeim eða breyta eru í flestum tilvikum almennir starfsmenn sem hafa enga sérþekkingu á skráningu.
- Þessir starfsmenn þurfa að hafa fulla heimild til að vinna með eintök í sínu safni, án þess að hafa kunnáttu í bókfræðiskráningu og án þess að þurfa að vinna með MARC-snið á nokkurn hátt.
- Ef þarf að nota forðafærslur, þá þarf að vera hægt að útbúa þær á einfaldan og helst sjálfvirknan hátt, án þess að hafa heimild í bókfræðiskráningu.
- Kerfið styðji við grisjun með keyrslum, tölfræði og sjálfvirkni.

Sjálfvirkni og sveigjanleiki í aðgangsstýringu rafræns efnis.

- Kerfið stýri því hver hefur aðgang eftir tegund áskriftar (Landsaðgangur, séráskriftir o.s.frv.).
- Núverandi SFX og PCI töl verði innbyggð í kerfið en séu ekki þau millistig sem þau eru í dag.
- Hægt sé að skilgreina notendur efnis eftir tegund aðgangs t.d. IP-tölu og lykilorði.
- Sjálfvirk innkeyrsla/uppfærsla vegna breytinga hjá birgja t.d. vegna breytinga á forða og birtingartöf.



- Mögulegt sé að bera saman mismunandi rafræna pakka, bæði pakka í áskrift safns og pakka í áskrift safns við tilboðspakka frá birgjum.

Vinnuferlar séu einfaldir, sjálfvirkir og gagnsæir.

- Við viljum **færri smelli** og að vinnan fari að mestu fram í **kerfinu sjálfu**.
- Að allt sé á einum stað og önnur forrit (t.d. Excel og Outlook) séu svo gott sem óþörf.
- Verkferlarnir séu einfaldir og gagnsæir, ekki þurfi að leggja á minnið ýmsar krókaleiðir að ákveðnu verki.
- Starfsmaður geti sniðið að sínum þörfum svokallaðar „mínar síður“ og skilgreint þar út frá sínum verkefnum og starfi þær upplýsingar sem hann þarf s.s. vistað leitir, séð ákveðna tölfraði o.s.frv.
- Mikil þörf á að vinnumhverfi komuspáa fyrir tímarit sé einfalt og hægt sé að vinna með komuspár óháð öðrum söfnum og safndeildum.

Þarfagreining / Kröfulýsing

Númer „þarfa“ vísa í flestum tilfellum til útfærslu hugarkortsins frá 14. september 2017, sem tengt er í undir viðauka b).

Þörf		Vægi
Birgjar		
6	Einföld skráning birgja – ein skrá – íslenskri / erlendir Ein birgjaskrá, íslenskra og erlendra birgja	3
6.1	Tenging við íslenska fyrirtækjaskrá - Miðlæg birgjaskrá t.d. úr fyrirtækjaskrá. Hvert safn sækir sína birgja og vistar hjá sér. Möguleikar fyrir hvert safn að bæta inn upplýsingum. Mikilvægt er að ef upplýsingar, t.d. heimilisfang, í miðlægu skránni breytast að þær uppfærast líka í safnaskránni. - Geta sett „favorites“ á birgja (sbr. 8.1.2).	3
6.2	Tenging við Þjóðskrá (þegar birgir er einstaklingur) - Miðlæg birgjaskrá t.d. úr fyrirtækjaskrá. Hvert safn sækir sína birgja og vistar hjá sér. Möguleikar fyrir hvert safn að bæta inn upplýsingum. Mikilvægt er að ef upplýsingar, t.d. heimilisfang, í miðlægu skránni breytast að þær uppfærast líka í safnaskránni - Geta sett „favorites“ á birgja (sbr. 8.1.2).	3
7.1.1	Bréfasamskipti við birgja fari fram innan kerfissins	3
7.1.1a	Hægt sé að vista bréf/samskipti beint í helstu skjalavistunarkerfi	2
7.1.2	Kerfið láti vita þegar samningar eru að renna út	3



	Áminningarkerfi byggt á dagsetningum sem skilgreindar eru um leið og samningur er vistaður í kerfinu.	
12.3	Kerfið sendir rukkun til birgja. - Það verður að vera hægt að senda rukkun til birgja úr kerfinu byggða á fyrirfram skilgreindum dagsetningum í áskrift/komuspá hvort sem er sjálfvirk eða handvirk (tölvupóstur, útprent, fax). - Það ætti að vera hægt að skilgreina tímabilið sem á að líða frá því að áskrift er pöntuð og þar til eðlilegt væri að rukkun færi að stað til birgja. - Kerfið ætti að láta vita ef tímaritshefti berst ekki innan fyrirfram skilgreinds tíma þannig að hægt sé að rukka það. - Rukkaskýrslur ætti að vera hægt að keyra út á einfaldan hátt.	3
1.9	Kerfið hefur bein samskipti við birgja. - Geti tekið við fjölbreyttum lýsigögnum s.s. skv. Dublin Core, MARC-færslum, útgáfumynstur o.fl. - Geti sent frá sér lýsigögn og aðrar upplýsingar.	3
1.9.1	Stöðluð bréf til birgja fjölbreytt eftir tegundum og að auðvelt sé að staðfæra bréfin í hverju safni/deildum.	3
1.9.2	Eftirfylgd pantana. - Mjög mikilvægt. - Tímarammi sem hvert og eitt safn getur stjórnað. - Stillanlegur tímarammi er ákaflega mikilvægur í vinnufelum sem þessum.	3
Bókhald og fjármál		
8.1.1	Kerfið ráði við að bókasafn þurfi að vinna með marga sjóði. Einn sjóð fyrir hverja einingu (svið/deild/safndeild) myndræn framsetning t.d. kökurit sem sýnir hlutfall af innkaupum eftir formi.	3
8.1.2	„Favorite“ á þá sjóði sem mest eru notaðir	1
8.1.3	Einfalt að sækja upplýsingar um stöðu. Þarf að vera hægt að sækja upplýsingar á einfaldan hátt t.d. með einum smell á kökuritið fyrir heildareyðslu eða fyrir eyðslu einstaka efnisforms.	3
8.2	Beintenging við gengisskráningu. Samtenging við gengisskráningu dag hvern t.d. Seðlabankans, eða viðskiptabanka hvers safns.	2
8.3	Kerfið geti sent upplýsingar beint inn í fjárhaldskerfi.	1
8.4	Virðisaukaskattur – VSK	3



	• Þarf að vera hægt að skilgreina VSK hlutfall eftir efnistegund s.s. rauneintak (11%) vs. rafeintak af bók (24%).	
12.4	Ekki má rukka gjafir o.þ.h. • Það verður að vera hægt að stjórna því hvaða eintök á að rukka og koma með í rukkskýrslum byggt á því hvernig þau berast (áskrift, gjöf, ritaskipti, skylduskil).	3
Tengingar við kerfi		
6.1	Tenging við íslenska fyrirtækjaskrá. • Sjá hér að ofan undir Birgjar.	3
6.2	Tenging við Þjóðskrá (birgir er einstaklingur). • Sjá hér að ofan undir Birgjar.	3
8.2	Beintenging við gengisskráningu. • Sjá hér að ofan undir Bókhald og fjármál.	2
Excel og önnur álíka forrit		
9	Excel-vinnubrögð gerð óþörf og útlæg. • Sjá hér að ofan undir LYKILATRIÐI – Vinnuferlar ...	3
Innkaup		
1.2	Öll efnisinnkaup - strax inn í kerfið. Öll innkaup efnis fari strax inn í kerfið óháð því á hvaða formi efnið er keypt.	3
1.1	Ritakaupabeiðni - strax inn í kerfið. • T.d. að beiðni/uppástunga sem kemur inn í gegnum vef bókasafns fari inn í aðfangabátt kerfisins.	3
1.6	Samþykktir fyrir efniskaupum. • Senda beint úr kerfinu til réttra aðila til samþykktar og svör berist til baka inn í kerfið. • Ef beiðni samþykkt þá er samþykktin vistuð í kerfinu.	3
1.7	Pantanir og innkaup sem ekkert verður af geti fyrnst. • Tímarammi sem hvert safn ákveður. • Ef innkaupabeiðni er hafnað þá er viðkomandi sent „staðlað bréf“ úr kerfinu og við það flyst beiðnin yfir í „beiðni hafnað“ möppu og vistast þar. • Beiðni og höfnun vistast í X-langan tíma – tengt tímaramma. • Stíllanlegur tímarammi er ákaflega mikilvægur í vinnufelum sem þessum.	3



	Kerfið láti beiðanda vita ef bók/gagn er þegar til í safninu.	
1.8	Form skiptir ekki máli. - Þetta er einn af KJÖRNUNUM í þarfagreiningunni. - Aðfangabátturinn verður að geta haldið utan um öll gögn sama á hvaða efnisformi þau eru áþreifanleg eða rafræn (bækur, tímarit, hljóðskrár, tónlist, myndir, gagnvirk ... o.s.frv.).	3
7.1	Samningar.	3
7.1.1	Bréfasamskipti. Samskipti milli seljenda/birgja og safna fara í gegnum kerfið, bréf, tölvuskeyti, minnismiðar o.þ.h.	3
7.1.2	Kerfið láti vita þegar samningar eru að renna út.	3
7.1.3	Ábyrgðarmenn einstakra samninga. Hægt sé að skilgreina einstaka starfsmenn sem ábyrgðamenn samninga í kerfinu.	3
14	Samningar tengdir skjalavistunarkerfi. Undirritaður samningur er vistaður í kerfinu með tengingu við skjalavistunarkerfi. Sjá einnig 7.1.1a hér að ofan.	2
14	Rafrænar undirskriftir. Kerfið þarf að ráða við rafrænar undirskriftir samninga, bréfa o.fl.	3
Önnur aðföng – Skylduskil		
1.4	Skylduskil - strax inn í kerfið. Rafræn skylduskil, lýsigögn fari beint inn í kerfi frá skilaaðilum. Okkar kerfi og þeirra kerfi geti talað saman.	3
1.5	Aðföng mega ekki týnast í vinnuferli. - Kerfið láti vita t.d. eftir 30-60 daga ef gagn skilar sér ekki í ferlinu sem hvert og eitt safn ákveður. - Eftir að efni er komið, mótttekið og eintakatengt í aðföngum og fer áfram á næstu „stoppistöð“ þá mikilvægt að geta fylgst með hvar það er statt í vinnuferli með „stöðukeyrslu“ efnis yfir X-tímabil. - Safn þarf að geta sett inn tímaramma fyrir skráningu, bókband, frágang. - Stíllanlegur tímarammi er ákaflega mikilvægur í vinnuferlum sem þessum.	3
Önnur aðföng - Gjafir		

12.4	Ekki má rukka gjafir o.þ.h. sbr. Bókhald og fjármál hér að ofan.	3
	Hægt sé að kalla fram efni sem tiltekinn einstaklingur/stofnun hefur gefið, eða efni sem hefur verið skilgreint á tiltekinn máta t.d. út frá einhverju þema sem safn vinnur reglulega með. Sbr. 5.4	
	Form efnis	
1.8	Form á ekki að skipta máli. Umsýsla efnis verði einföld, skilvirk og gagnsæ óháð formi þess.	3
	Tímarit – tímaritahald - Kerfið verður að geta haldið utan um áskriftir tímarita á hvaða efnisformi sem er á einfaldan og skilvirkan hátt burt séð frá því hvort tímaritið er keypt, skylduskil, gjöf eða ritaskipti. - Kerfið verður að geta haldið utan um allt vinnuferlið frá því að áskrift er pöntuð og þar til eintök berast/áskrift verður virk og gengið er frá þeim til notkunar (rukkanir, merkingar, kjalmiðar, strikamiðar, bókband, grisjun). - Gott væri ef kerfið mundi bjóða upp á vinnuferli fyrir áskriftir tímarita sem keypt eru bæði í prentaðri og rafrænni áskrift þannig að notendur átti sig á tengslunum þar á milli. - Gott væri ef kerfið léti vita um það þegar búið er að virkja rafræna áskrift hjá útgefanda/birgja. - Áskriftir ætti að vera hægt að endurnýja hvort sem er sjálfvirk eða handvirk. - Ekki ætti að vera hægt að endurnýja áskrift og komuspá ef engin eintök hafa borist á áskriftatímabilinu eða reikningur hefur ekki verið innfærður. - Utanumhald um áskriftir, pantanir og reikninga fyrir tímarit ætti að vera á einum stað í kerfinu. - Gott væri ef kerfið gæti lesið strikamerkingar eins og SICI kóða sem fylgja tímaritum frá birgja. - Gott væri ef hægt væri að fá tölfraði úr kerfinu sem byggir á pöntun og áskrift, t.d. yfir fjölda virkra tímaritaáskrifta og móttækinna eintaka hvort sem þau eru keypt, berast að gjöf eða í skylduskilum.	3
12.1	Komuspár fyrir prentuð eintök eru nauðsynlegar, þurfa að vera einfaldar.	3
12.1.1	Fjölbreytt úrval spámylnstra. - Kerfið verður að bjóða upp á fjölbreytt úrval innbyggðra komuspámylnstra bæði fyrir reglulega og óreglulega útgáfu og heiti þeirra þurfa að vera auðskiljanleg. - Komuspámylnstur verða að vera aðgengileg í skipulegri röð svo einfalt sé að finna það sem við á. - Það ætti að vera hægt að búa til sitt eigið spámylnstur óháð miðlægum/innbyggðum spámylnstrum.	3



	- Gott væri ef það væri hægt að sjá af komuspámynstrinu hvernig komuspáin muni birtast notendum. - Gott væri ef það væri hægt að keyra útgáfumynstur tímaritsins frá birgi/útgefanda inn í bókasafnskerfið.	
12.1.2	Auðvelt að aðlaga og breyta spámynstrum. - Spámynstur verður að vera einfalt að aðlaga og breyta eftir þörfum þannig að hægt sé að gera ráð fyrir sameinuðum heftum, viðbótarheftum, fylgiritum og undantekningum. - Það ætti að vera hægt að leiðrétta og breyta komuspá með lítilli fyrirhöfn. - Ef útgáfutiðni tímarits breytist innan ársins ætti að vera einfalt að laga spána frá og með þeim tíma sem hún breytist án þess að eyða þurfi út öllu árinu.	3
12.1.3	Hugað þarf að birtingu útgáfupplýsinga, ár, árgang, hefti ... - Það verður að vera hægt að stjórna því hvernig upplýsingar um eintak/lýsing eintaks (ár, árg., tbl.) í komuspá birtast notendum. - Röðun atriða ætti að vera hægt að breyta. - Gott væri að geta líkt nákvæmlega eftir þeim upplýsingum sem eru á tímaritsheftinu sjálfu.	3
12.2	Eitt safn sjái ekki upplýsingar frá öðru. Ekki ætti að vera hægt að sjá áskriftir og móttækin hefti annarra safna.	3
12.3	Kerfið sendi rukkun.	3
12.3.1	Kerfið lætur vita að búið sé að rukka. - Ef rukkun fer af stað sjálfvirktt verður kerfið að láta vita um það - Gott væri ef kerfið mundi minna á að ítreka ef svar berst ekki við rukkuninni innan tiltekins tíma.	2
12.4	Ekki má rukka gjafir o.þ.h. Sjá hér að ofan undir Bókhald og fjármál.	3
12.5	Tenging eintaka og forða - upplýsingar í kerfi og á Leitir.is uppfærast þegar öðru er breytt. - Tengsl ættu að vera á milli forðafærslu og komuspár þannig að upplýsingar í forðafærslu uppfærast í samræmi við komuspána og móttöku eintaka. - Eintökum verður að vera hægt að raða eftir ýmsum viðmiðum og afmarka við ákveðið safn/safndeild þannig að hægt sé að vinna með eitt eintak óháð öðrum.	3



- Gott væri ef hægt væri að merkja eintök fyrir hringssendingar og fylgjast með hvar þau eru stödd í frágangssferli allt frá móttöku til bókbands og þar til þeim er raðað í hillu. - Það ætti að vera hægt að tengja og móttaka tímaritshefti í kerfinu óháð því hvernig þau berast, t.d. án þess að það sé pöntun/áskrift fyrir því, og prenta út strika og kjalmiða eftir því sem við á. - Eintök sem tengd eru handvirkir óháð komuspá verða að vera óháð ferilstöðu þannig að væntanleg komudagsetning birtist ekki notendum. - Ferilstaða og eintakastaða ættu að vera óháðar hvor annarri þannig að ef eintak fær t.d. ferilsstöðuna „falið“ á notandi ekki að geta séð það þótt eintakastaðan sé „ókomid“.	
Grisjun	
Kerfið styðji við grísjun með keyrslum, tölfraði og sjálfvirkni.	3
ADM / forðafærslur. - Það þarf sjálfvirkni til að eyða þeim út þegar öllum eintökum safns hefur verið eytt. - Tenglar verða að hverfa til þess að lánþegi fái réttar upplýsingar.	3
Raunefni	
5.1 Einföld eintakatenging – sjá undir Eintök hér að neðan. - Þarf að ráða við mörg eintök í einni vinnslu. - Aðfangapöntun gerð með fáum smellum og mikilvægt er líka sé hægt að vista sjálgildi í eintakatengingu.	3
5.2 Einföld aðgerð við að útbúa og prenta strikamerki á sett.	3
5.3 Starfsmaður á gólfi þarf ekki að hafa skráningarþekkingu eða -heimild í kerfinu til þess að tengja eintök.	3
5.4 Auðvelt sé að sækja viðbótarupplýsingar sem hafa verið settar inn í eintakabáttinn.	3
Rafrænt efni / áskriftir	
2.1 Landsaðgangur Kerfið ráði við alla umsýslu landsaðgangssamninga s.s vistun samninga, umsjón aðgangsstýringu, reiknilíkan, gerð reikninga o.fl.	2
2.2 Séráskriftir og -innkaup Kerfið ráði við alla umsýslu landsaðgangssamninga s.s vistun samninga, umsjón aðgangsstýringu ... einfaldara í framkvæmd.	3

10.1	Sjálfvirkni í aðgangsstýringu ... sem byggir á þekktum stöðlum s.s. OpenURL og DOI.	3
10.2	Sjálfvirkni í forða og birtingartöf	3
10.3	Sjálfvirkni í uppfærslu á forða og birtingartöf. ... sem skilar sér fljótt og vel út í leitir.is	3
10.4	Sjálfvirkni / Stöðlun í innkeyrslu MARC-færslna og annarra lýsigagna. ... kerfið hafi innbyggðan módúl sem tekur við stöðluðum MARC12-færslum.	3
10.5	SFX og PCI verði óþarfa millistig ... þessi virkni á að vera innbyggð í bókasafnskerfið	3
13	Samanburður rafrænna "pakka" Hér er átt við að bera saman pakka sem eru í kerfinu (d. ProQuest og EBSCOHost) og bera slíka pakka saman við tilboðspakka. Atriði 13.1-13.4 þarf að vera hægt að bera saman	3
13.1	Titlar	3
13.2	Verð	3
13.3	Forði	3
13.4	Reikningur vs tilboð	2
14	Undirritaður samningur vistaður í kerfinu	3
14	Undirritaður samningur – tenging við skjalavistunarkerfi	1
14	Kerfið ræður við rafrænar undirskriftir	3
14	Samskipti við birgja fari í gegnum kerfið	3
14	Reikningur skráður í kerfið	3
14	... tenging í gengisskráningu	2
14	... tenging í greiðslulíkan fyrir landsaðgang. Sjá 2.1	3
14	Ábyrgðarmaður samnings skilgreindur í kerfinu	3
14	Umsýsluaðili (Administrator) aðgangs efnis í samningi og önnur hlutverk skilgreind í kerfinu.	3
14	Tímarammi – Sjálfvirkni T.d. x mán. fyrir lokadag samnings fær ábyrgðarmaður áminningu um að huga þurfi að endurnýjun. Sjá einnig 1.9.2 og 1.5 hér að ofan.	3
14	Tegund aðgangs og notendur. IP-tölur, aðgangsorð o.þ.h. Notendur efnis skilgreindir í kerfinu sjálfu	3
14	Sé efni keypt frá fleiri en einum aðila verður kerfið að ráða við sameinigu færslu til þess að koma í veg fyrir margföldun á leitir.is.	3
Tengingar við aðra vefi		
3.1	Kerfið geti talað við vefi bókasafna.	2
3.1.1	Til vara að hægt sé að keyra út upplýsingar - tilbúna á vefi.	2

3.2	Kerfið geti talað við aðra vefi s.s. vefi bókasafna og bokmenntir.is - Mikilvægt að hægt sé að nýta þau gögn sem skapast í bókasafnskerfinu á öðrum vettvangi. - Bókasafns kerfið geti tekið við upplýsingum frá öðrum vefjum til þess t.d. að auðga færslur sem birtar eru á leitir.is. - Vinnusparnaður, auðveldar aðgengi að upplýsingum.	3
Tölfræði		
4.1	Fjölbreyttar staðlaðar skýrslur.	3
4.2	Klæðskerasniðnar skýrslur. - Mikilvægt að geta sótt upplýsingar um aðföng á einum stað í einni keyrslu, þ.e valdar eftir þörfum s.s. Material Type, höfund, titli, birgjakóða, reikningsnúmer, greiðslukostnaði og dagsetningu. - Fjölbreytt skýrslugerð studd tölum um starfsemi bókasafna er grundvöllur ákvarðanatöku og stjórnunar.	3
4.2.1	Einfaldar og auðveldar, t.d. eftir dags.	3
4.3	Til þess að leggja fyrir yfirstjórn.	3
4.4	Til að hafa yfirsýn yfir stöðu verkefna.	2
4.5	Til markmiðssetningar og markaðssetningar. - Tölfræði skiptir máli í öllum sviðum starfs. - Til þess að fá yfirsýn yfir stöðu mála. - Til þess að meta árangur í starfi. - Tæki til markmiðssetninga og markaðssetningar.	3
Listar		
1.11	Listagerð = einföld, t.d. eftir efni.	3
1.12	Listagerð = einföld, t.d. nýtt efni.	3
1.12.1	Listagerð = einföld, t.d. eftir útgáfuári.	3
1.12.2	Listagerð = einföld, t.d. aðfangaári /-dagsetningu.	3
1.12.3	Listagerð = einföld, t.d. flokkar.	3
1.12.4	Listagerð = einföld, t.d. sjóðir.	3
1.10.1	Kröfur um myndræna framsetningu.	3
1.11.1	„To-do“ listi. - Listagerð sé einföld en jafnframt bjóði uppá marga möguleika. Starfsmaður geti þrengt og víkkað eftir vild. - Því meiri sundurgreining því betra.	2



Myndræn framsetning		
1.10	Bókakápur eru LÍFSNAUÐSYN .	3
1.10.1	Kröfur um fjölbreytta möguleika á myndræni framsetningu. Auðveldar vinnu við öflun efnis á bókamörkuðum, nytjamörkuðum o.s.frv.	3
Vinnuumhverfi starfsfólks		
11	Mínar síður.	3
11.1	Sveigjanleiki eftir þörfum hvers og eins. Hver starfsmaður á sitt svæði sem hann getur sniðið að sinni vinnu og þeim verkefnum sem hann sinnir hverju sinni. Vistað leitir, séð hvað er í innheimtu/innkaupum o.s.frv.	3
Friðhelgi		
6	Sjá um Birgja hér að ofan	3
12.2	Eitt safn sjái ekki upplýsingar hverjar sem þær eru, forði, fjármál lánþegar.	3
Eintök		
Tengja mörg eintök í einu af sama titli, t.d. bekkjarsett - Hægt sé að útbúa mörg eintök í einu á auðveldan hátt. - Eintökin fá öll hvert sitt strikanúmerið en önnur gildi eintaks séu eins. - T.d. segja „ég vil fá 30 eintök með þessum stillingum“. - Hafa hlaupandi eintakanúmer, hægt að skilgreina byrjunarnúmer. - Hægt sé að prenta miða fyrir mörg eintök í einu á auðveldan hátt.		3
Ekki þurfi skráningarþekkingu / -heimild - Þeir sem tengja eintök, eyða þeim eða breyta eru í flestum tilvikum almennir starfsmenn sem hafa enga sérþekkingu á skráningu. Þessir starfsmenn þurfa að hafa fulla heimild til að vinna með eintökin í sínu safni, án þess að hafa aðgang að bókfræðiskráningu og án þess að þurfa að vinna með MARC-snið á nokkurn hátt. - Ef þarf að nota forðafærslur, þá þarf að vera hægt að útbúa þær á einfaldan og helst sjálfvirkan hátt, án þess að hafa heimild í bókfræðiskráningu. - Tengingarferlið þarf að vera MJÖG einfalt og fljótlegt.		3
Auðveld umsýsla og tenging milli verkþátta T.d. færa sig yfir í Útlán, Aðföng (birgjar), Millisafnalán, og frá Skráningu yfir í eintakatengingu.		2



○ Hægt að hoppa úr eintakatengingu yfir í aðra verkþætti með einum músarsmelli án þess að týna því sem búið er að gera þó ekki sé búið að vista eintakið.	
Auðveld umsýsla • Sjá lista yfir öll eintök safns, með upplýsingum um útlán (fjöldi lána, eintak er í láni, nafn lánþega).	3
Strikamerki • Úthlutun númera sé inni í kerfinu og sé sjálfvirk þegar nýtt eintak er vistað. ○ Ekki sé nauðsynlegt að treysta á úthlutunarforrit frá þriðja aðila. ○ Númer séu einkvæm yfir allt kerfið (samlagið) til að ekki komi til árekstra ef sameina þarf söfn eða ef söfn hefja útlánasamvinnu. ○ Nota forskeyti fyrir hvert safn eða annars konar kerfi til að aðgreina söfn. • Taka tillit til margra tegunda númera (úr Gegni, Feng...). ○ Einkvæm númer yfir allt samlagið. ○ Fortíðarvandinn, núll fyrir framan númer, fjögur núll á miða en ekki geymd í kerfi. ○ Muna leiðbeiningar til safna varðandi skanna sem þurfa að geta lesið margvíslegar tegundir strikamerkja.	3
Skilgreining bekkjarsetta í eintakaupplýsingum • Tilgreina námsgrein og / eða árganga (Efnið t.d. hentar fyrir 5. bekk/miðstig) eða kalla fram út frá námskeiði í háskóla.	1
Hægt að sjá fjölda eintaka pr. titil á hverju safni með einu handtaki • T.d. skólasöfn þurfa núna að telja eintök handvirk, sem er seinlegt verk.	3
Auðvelt að breyta mörgum eintökum í einu, t.d. færa milli safndeilda eða breyta útlánsstillingum • Starfsmaður þarf að geta breytt eintakaupplýsingum margra mismunandi eintaka í einu, með því að setja inn stillingar í þar til gerðan „breytingaglugga“ og svo skannað stóran bunka af eintökum. • Best væri að fá fjölbreytta möguleika, helst þannig að hægt sé að breyta öllum eintakaupplýsingum en ekki bara sumum. ○ T.d. að breyta Lýsingu eða Statistic.	3
Auðvelt að afrita eintak • Afrita eintak til að bæta nýju eintaki við – allar stillingar afritist í nýja eintakið og auðvelt að breyta ef með þarf. • T.d. bæta við X mörgum eintökum byggðum á frumeintakinu (t.d. eitt eintak er til, bæta við 10 eins eintökum í fljótu bragði).	3



Hægt sé að afrita frá öðru safni, t.d. skólasöfn.	
Sjálfgildi - Starfsmaður geti á auðveldan hátt fest inni sjálfgildi reita, til að spara vinnu við að velja sömu atriðin aftur og aftur – t.d. safn, staðsetningu, efnisform og þess háttar. - Mikilvægt að auðvelt sé að breyta sjálfgildum, t.d. ef starfsmaður er að vinna með ákveðna safndeild í dag en aðra á morgun.	3
Þemasett (skólar) Bækur og annað efni (hlutir, t.d. spil og uppstoppuð dýr) sem er notað í ákveðinni þemavinnu, það þarf að vera hægt að tengja eintökin og hlutina saman með ákveðinni merkingu í kerfinu. Hvert eintak gæti uppfyllt fleiri en eina þemavinnu (t.d. ljóðabók þar sem eru ljóð um páska og ljóð um jól) – Eintakið þyrfti að geta tekið við fleiri en einni þemamerkingu. Þessi merking þarf að vera leitarbær eða alla vega hægt að draga út í lista með keyrslu.	1
Útprintun - Það þarf að vera hægt að prenta límmiða fyrir hvert eintak með strikanúmeri, kjalmiða með raðtákn og fylgimiða með fleiri upplýsingum. - Uppsetning og stillingar fyrir miðaprentun sé einföld. - Hægt sé að prenta miða fyrir mörg eintök í einu með einföldum hætti. - Að hægt sé að setja upp kjalmiða eins og hentar á hverju safni, bæði hvað varðar stærð miða og leturgerð. Hægt að sjá forskoðun á útprintun í hliðarglugga?	3
Úrvinnsla / Leit / Tölfræði – eintak - Hægt sé að kalla fram lista/finna eintök út frá ýmsum merkingum eintaks. Dæmi: Safn getur hafa notað reitinn Statistic til að merkja bækur sem fara á sýningu einu sinni á ári (gaypride o.s.frv.). - Tölfræðiupplýsingar byggist á sem flestum atriðum í eintaks-upplýsingum (útlánastillingum, safndeild, efnisformi, ferilstöðu o.s.frv.). - Kerfiskeyrslur – útbúa eintakalista byggða á lýsigögnum eintaka - Heimildir takmarkaðar við ákveðnar keyrslur.	3
Úrvinnsla / Leit / Tölfræði – eintak - Þegar leitað er eftir t.d. safndeild og safni þarf að gera ráð fyrir að aðeins sé leitað að safndeildinni í því safni (stigveldi). - Hægt sé að raða eintakalista eftir ýmsum atriðum, t.d. safndeild.	2

Önnur áhersluatriði

- **Tungumál / þýðingar**

Hópurinn ræddi að mikilvægt væri að kerfið yrði að vera þýtt á góða íslensku.

Mikilvægt er að gera ríkar kröfur til þýðingar.

Vont væri þegar starfsmaður og ekki síður notandi byrjaði að vinna í íslensku viðmóti, en eftir því sem kafa þyrfti dýpra hyrfi íslenskan og annað tungumál tæki við.

Mikilvægt er að starfsmann og notendur ekki síður geti valið það tungumál í viðmótinu sem þeir vilja vinna í. Íslenska, enska, Norðurlandamálin, franska, spænska, pólska eru væntanlega þau tungumál sem mest eru notuð á Íslandi.

Góð þýðing yfir á íslensku skiptir endanotandann einnig mjög miklu máli.

- **Viðmót, aðgengismál og litir – stillingar**

Viðmót vefsins þarf að vera skýrt, einfalt – og stillanlegt. Gera á ríkar kröfur til þess að vefur bókasafnskerfisins standist lágmarks kröfur sem gerðar eru til viðmóts vefja. Ekki er þó verið að tala um ýtrustu kröfur sem gerðar eru fyrir sjónskerta, en betra er að vera nær þeim en fjær.

Litakonstrastar þurfa að vera góðir.

- **Stillanlegar leturstærðir**

Starfsmenn þurfa að geta stækkað og minnkað letur að vild eftir því sem hentar vinnubrögðum hvers og eins.

- **Hraði – viðbragð**

Gera þarf MIKLAR kröfur um að vefur bókasafnskerfis sé HRAÐUR. Það myndi skapa mikla óánægju starfsfólks bókasafna ef bíða þarf eftir því að skipanir sem búið er að gera séu framkvæmdar í kerfinu eða skýjunum. Þetta atriði skiptir notendur ekki síður máli.

- **Nettengingar út í heim og á bókasöfnunum**

Huga þarf vel að hvaða þættir geta e.t.v. hægt á kerfisvirkni – bæði fyrir starfsmenn og svo endanotendur leitarvefs. Tafir í samskiptum eru óásættanlegar.

Viðaukar

a) Hugarkort

[Hugarkort umsýsluhóps. 14. september 2017](#)

[Hugarkort eintakahóps. 17. október 2017](#)


b) Útfærsla hugarkorta – sjá á vefsvæði umsýsluhóps

[Útfærsla hugarkorts umsýsluhóps frá 14. september 2017](#)

[Útfærsla hugarkorts eintakahóps frá 17. október 2017](#)



Viðauki a) Hugarkort 14.09.2017



Viðauki a) Hugarkort 17.10.2017

